FRÉTTABLAÐIÐ

165. TÖLUBLAÐ 20. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MIÐVIKUDAGUR 29. JÚLÍ 2020

Sumarið hefur verið gott fyrir allan gróður. Á Árbæjarsafni var unnið að því í gær að snyrta á svæðinu, meðal annars með grasslætti og heyhirðu við torfhús sem þar er. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Vilji til að skoða sameiningu

Sjö af hverjum tíu íbúum á höfuðborgarsvæðinu telja að sameina megi einhver sveitarfélög á svæðinu. Bæjarstjórinn í Hafnarfirði og formaður SSH, segir niðurstöðurnar kannski ákall um frekari samvinnu.

SVEITARSTJÓRNARMÁL Rúmlega 70 prósent íbúa á höfuðborgarsvæðinu sem taka afstöðu, telja að sameina megi einhver sveitarfélög á svæðinu.

Þetta sýna niðurstöður nýrrar könnunar sem Zenter rannsóknir gerðu fyrir Fréttablaðið.

„Mér finnst þessar niðurstöður ekki benda til þess að þetta sé mjög brýnt mál í hugum fólks. En íbúar á svæðinu virðast vera opnir fyrir því að þetta verði skoðað," segir Rósa Guðbjartsdóttir, bæjarstjóri í Hafnarfirði og formaður Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.

Hún segist ekki hafa fundið fyrir áhuga eða þrýstingi frá íbúum um sameiningu á svæðinu undanfarin ár, hvorki sem bæjarstjóri né formaður SSH.

Íbúar höfuðborgarsvæðis

Telur þú að sameina megi einhver sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu?



„En þetta er kannski líka ákall um meiri samvinnu þar sem hægt er að hagræða og reka hlutina oft betur saman en í sundur. Það á ekki alltaf við, en á oft við. Slík samvinna hefur verið að aukast jafnt og þétt á undanförnum árum milli sveitarfélaganna innan SSH."

Rósa segir að það sé merkilegt að áhuginn virðist vera meiri eftir því sem íbúafjöldi sveitarfélagsins er meiri.

Þeir sem svöruðu því játandi að sameina mætti einhver sveitarfélögin, voru einnig spurðir um hvaða sveitarfélög það ættu að vera. Flestir nefndu sameiningu allra sveitarfélaganna, eða tæpur helmingur hópsins.

„Það kemur engin afgerandi niðurstaða, finnst mér, hvaða sveitarfélög ættu að sameinast. Það yrðu alltaf að vera viðkomandi sveitarfélög og íbúar sem þyrftu að taka upp það samtal," segir Rósa.

Þótt fólk sé opið fyrir því að einhvers konar sameining verði rædd og skoðuð, segir Rósa ekki vera hreinar línur hvernig það ætti að gerast og af hverju.

„En þetta styður í raun við það sem hefur verið að gerast á vettvangi SSH. Það er að aukast samstarf í hinum ýmsu málaflokkum."

– sar/sjá síðu 4.

Útflutningur á Sorpi eykst

UMHVERFISMÁL „Ég er alltaf að leita að meira efni til að flytja út," segir Jón Þórir Frantzson, forstjóri Íslenska gámafélagsins, sem flytur um 1.500 tonn af almennu sorpi út í hverjum mánuði til orkuframleiðslu.

Jón Þórir Frantzson

Útflutningur einkaaðila á sorpi hefur aukist mikið og nú hefur Sorpa slíkt til skoðunar. Þykir einsýnt að útflutningur á almennu sorpi muni aukast næstu misseri.

Helgi Þór Ingason, framkvæmdastjóri Sorpu, áætlar að allt að 60 til 70 þúsund tonn af sorpi héðan gætu endað í erlendri orkuvinnslu. – thg

Veður



Breytileg átt, 3-8 í dag, skýjað með köflum og stöku skúrir, einkum síðdegis. Þokubakkar við N- og A-ströndina. Hiti 8 til 18 stig, hlýjast á Suð-Austurlandi, en heldur mildara fyrir norðan. SJÁ SÍÐU 18

Íris Róbertsdóttir, bæjarstjóri í Vestmannaeyjum. MYND/TRYGGVI MÁR

Hátíð fyrir heimamenn

VESTMANNAEYJAR „Við lítum bara á það þannig að þetta verði svona heimaþjóðhátíð," segir Íris Róbertsdóttir, bæjarstjóri í Vestmannaeyjum, en bæjarráðið þar samþykkti í gær ýmis tækisfærisleyfi, meðal annars fyrir sölu áfengis utandyra, leyfi til að skjóta upp flugeldum og fyrir brennu.

Einnig var samþykkt leyfi til að halda styrktartónleika fyrir ÍBV á bílastæði á laugardaginn frá klukkan 23.00 til 03.30 um nóttina. Íþróttafélagið verður af miklum tekjum þar sem engin Þjóðhátíð er haldin í ár.

Íris segir um að ræða mjög fá leyfi miðað við venjulega Þjóðhátíð. „Ég held það verði nú alltaf eitthvað af fólki, en ég á ekki von á einhverjum fjölda," segir hún um væntanlega aðsókn.

Bæjarstjórinn ítrekar að hvorki Vestmannaeyjabær né ÍBV standi fyrir hátíðarhöldum um helgina. „Við eigum von á því að fólk fari varlega og eigi góða helgi með fjölskyldunni sinni," segir Íris.

Guðbjartur Ellert Jónsson, framkvæmdastjóri Herjólfs, segir miðasölu í ferjuna vera ágæta. „Við erum bara að sigla á hefðbundinni áætlun en erum með sjöundu ferðina inni, sem er þá yfir miðjan daginn frá fimmtudegi fram á mánudag," segir hann. „Það má búast við að þetta verði svipað og Goslokahátíðin. Meira af Vestmanneyingum búsettum annars staðar að kíkja heim." – **mhj**

Dans á Arnarhóli

Kramhúsið efndi í hádeginu í gær til twerks á Arnarhóli og var fjörið mikið. Á dagskrá í sumar hefur verið, og verður í sama anda á vegum Kramhússins; Vogue á Óðinstorgi, burlesque í Styttugarðinum, RuPaul-fjölskyldutími fyrir framan Hörpu og útijóga við Sólfarið. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Varði afskipti alríkislögreglu

BANDARÍKIN Dómsmálaráðherra Bandaríkjanna, William Barr, mætti í gær fyrir dómsmálanefnd fulltrúadeildar Bandaríkjaþings og varði þá ákvörðun að senda alríkislögregluna til að kljást við mótmælendur í borgum í óþökk borgaryfirvalda.

William Barr, dómsmálaráðherra Bandaríkjanna

Sagði Barr meðal annars að mótmælendur í borginni Portland í Oregon fylki hefðu „framið árás á stjórnvöld í Bandaríkjunum".

Formaður dómsmálanefndarinnar, Jerrold Nadler, sakaði dómsmálaráðuneytið um að senda alríkislögregluna á mótmælendur til að aðstoða Donald Trump við að ná endurkjöri sem forseti. - **gar**

Miklar líkur á hertari aðgerðum yfirvalda

Ákvörðun verður tekin í dag um hvort teknar verði upp hertari aðgerðir gegn kórónaveirufaraldrinum innanlands. Landsmenn eru hvattir til að huga að sóttvörnum, virða tilmæli um nándarmörk og vernda viðkvæma hópa.

COVID-19 Miklar líkur eru taldar á því að í dag verði tilkynnt um hertari aðgerðir gegn kórónaveirufaraldrinum, sem blossað hefur aftur upp innanlands. Ráðgert er að ákvörðun um slíkt verði tekin á fundi Samráðshóps Almannavarna, fulltrúa sóttvarnalæknis, landlæknis og heilbrigðisráðherra, sem ráðgerður er nú í morgunsárið.

Þær aðgerðir sem talað er um í því samhengi eru að setja harðari fjöldatakmarkanir og endurvekja tilmæli um tveggja metra regluna sem er Íslendingum að góðu kunn. Einnig kemur til greina að breyta áherslum og jafnvel herða aðgerðir á landamærum.

Kári Stefánsson, forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar, setti talsverðan þrýsting á yfirvöld í gærkvöldi, þegar hann sagði í viðtali við Morgunblaðið að Íslensk erfðagreining myndi ekki taka þátt í skimum fyrir kórónaveirunni ef aðgerðir yrðu ekki hertar.

Eins og greint hefur verið frá síðustu daga kom upp hópsýking í Akranesbæ, þar sem sjö erlendir verkamenn reyndust smitaðir. Þá eru að auki tveir Íslendingar smitaðir af veiru með sama mynstri stökkbreytinga, að sögn Kára. Engin sýnileg tengsl eða snertiflötur er milli þessara aðila og því mikil óvissa um hvernig veiran barst milli þeirra. Þá sagði Kári að það ylli honum miklum áhyggjum að sumir hinna erlendu verkamanna væru með lágt CT-gildi, sem þýðir að þeir séu afar smitandi.

Það er einmitt það sem yfirvöld óttast, að angar þessarar hópsýkingar kunni að hafa breiðst víðar út um samfélagið. Að sögn Jóhanns K. Jóhannssonar, samskiptastjóra Almannavarna, er þess beðið að niðurstöður sýnatöku liggi fyrir auk niðurstöðu raðgreiningar. Aðspurður sagðist Jóhann ekki hafa upplýsingar um þann fjölda sýna sem tekinn var í tengslum við hópsmitið.

Frá upplýsingafundi Almannavarna í gær. Tíðni slíkra funda gæti aukist enn á ný, í ljósi þess að fjöldi smits hefur aukist síðustu daga. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

> **Það er einmitt það sem yfirvöld óttast, að angar þessarar hópsýkingar kunni að hafa breiðst víðar út um samfélagið.**

Ráðgert var að rýmka reglur um fjöldatakmörkun upp í 1.000 manns strax eftir verslunarmannahelgi, eða þann 4. ágúst. Í gær tilkynnti Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra að ákveðið hefði verið að fresta þeirri tilslökun um tvær vikur, í samræmi við tilmæli sóttvarnalæknis.

Stærsta ferðahelgi ársins, verslunarmannahelgin, er handan við hornið og ljóst er að yfirvöld hafa talsverðar áhyggjur af þróun mála. Þó að árlegum skemmtunum hafi verið aflýst, eða umfang þeirra minnkað talsvert, er ljóst að fjölmargir munu leggja land undir fót og sletta úr klaufunum. Í tilkynningu frá Almannavörnum í gærkvöldi var ítrekuð sú beiðni að Íslendingar hugi að einstaklingsbundnum sóttvörnum, virði tilmæli um nándarmörk og verndi viðkvæma hópa.

bjornth@frettabladid.is.

Sumarið er ÆÐI enda gaman að vera í frí, keyra í gegnum úfið Hraun og dansa CONGA á bæjarhátíð. Sumir vildu kannski vera á FLORIDA en það er alveg eins hægt að slaka á í sundlaugunum hér þar til fingur og tær verða eins og RÚSÍNUR. Settu á þig BUFF svo sólarvörnin leki ekki niður í augun.

Sumarið lofar Góu!

Góa
Stofnað 1968

Á þriðja tug vitna yfirheyrð vegna brunans á Bræðraborgarstíg

LÖGREGLUMÁL Á þriðja tug vitna hefur verið yfirheyrður vegna húsbrunans við Bræðraborgarstíg 1, þann 25. júní síðastliðinn, samkvæmt upplýsingum frá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu. Meðal þeirra eru bæði fórnarlömb brunans og íbúar hússins, auk annarra vitna sem voru í námunda við brunann.

Bruninn er rannsakaður sem manndráp af ásetningi. Auk þess er hinn grunaði sakaður um íkveikju sem olli almannahættu, um að hafa stefnt lífi fólks í hættu og að hafa brotið gegn valdstjórninni.

Hinn grunaði var þann 15. júlí úrskurðaður í gæsluvarðhald til 6. ágúst. Ekki er víst hvort ákæra verði gefin út fyrir þann tíma.

Frá eldsvoðanum á Bræðraborgarstíg. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Þrír létust í eldsvoða á Bræðraborgarstíg 25. júní og einn liggur enn þungt haldinn á gjörgæsludeild.

Yfirheyrslur yfir manninum eru hafnar, en ekki var hægt að ræða við hann í að minnsta kosti þrjár vikur í kjölfar brunans vegna andlegs ástands.

Vettvangsrannsókn að Bræðraborgarstíg er lokið af hálfu lögreglunnar. Áður en ákæra verður gefin út er nú beðið niðurstöðu rannsókna á sýnum sem tekin voru á staðnum. Hvort óskað verði framlengingar á gæsluvarðhaldi 6. ágúst, ræðst þó fyrst og fremst af því hvernig lögreglu sækist að kynna hinum grunaða gögn málsins og yfirheyra um málsatvik. Enginn annar en umræddur maður hefur stöðu grunaðs.

Alls létust þrír í brunanum við Bræðraborgarstíg. Fjórir lögðust inn á spítala, þar af tveir á gjörgæslu. Þrír af þeim sem þurftu að leggjast inn á spítala hafa nú verið útskrifaðir, en sá fjórði er enn þungt haldinn. – thg

Margir vilja sameina öll sveitarfélögin

Flestir þeirra sem telja að sameina megi einhver sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu vilja að þau sameinist í eitt sveitarfélag. Mestur áhugi á einhvers konar sameiningu er meðal Reykvíkinga og íbúa á landsbyggðinni. Karlar eru hlynntari sameiningu en konur.

SVEITARSTJÓRNARMÁL Mikill meirihluti þeirra sem tekur afstöðu í nýrri könnun sem Zenter rannsóknir unnu fyrir Fréttablaðið, er spenntur fyrir því að einhver sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu verði sameinuð.

Ef aðeins er litið til íbúa á höfuðborgarsvæðinu telja rúm 72 prósent að sameina megi einhver sveitarfélög á svæðinu, en tæp 28 prósent eru því ósammála.

Íbúar á landsbyggðinni eru enn frekar á því að sameina megi einhver þessara sveitarfélaga. Þar telja tæp 81 prósent að sameina megi einhver þeirra.

Hlutfallslega flestir íbúar í Reykjavík eru á því að sameina megi einhver sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu. Rúmt 81 prósent er á þeirri skoðun, en hlutfallið er rúm 73 prósent í Kópavogi, tæp 58 prósent í Hafnarfirði og rétt rúmur helmingur í Garðabæ.

Áhuginn er öllu minni í Mosfellsbæ og á Seltjarnarnesi, þar sem um tveir af hverjum þremur vilja ekki sameiningu á höfuðborgarsvæðinu.

Ef aðeins er litið til íbúa á höfuðborgarsvæðinu reynast karlar heldur spenntari fyrir sameiningu en konur. Rúm 77 prósent karla telja að sameina megi einhver sveitarfélög, en rúm 66 prósent kvenna.

Þá er eldra fólk nokkuð áhugasamara um sameiningu sveitarfélaga en yngra fólk.

Þannig eru á bilinu 77 til 81 prósent þeirra sem eru eldri en 45 ára á því að sameina megi einhver sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu. Hlutfallið er hins vegar 55 prósent hjá þeim sem eru 18-24 ára. Í aldurshópnum 35-44 ára eru 70 prósent hlynntir einhverri sameiningu, og litlu færri hjá 25-34 ára.

Hið sama gildir um tekjuhærri hópa sem eru líklegri til að styðja sameiningu en tekjulægri hópar.

Rúm 79 prósent þeirra sem hafa 600 þúsund krónur í tekjur á mánuði telja að sameina megi einhver sveitarfélögin. Hlutfallið er um það bil tveir þriðju hjá þeim sem hafa lægri tekjur en 600 þúsund á mánuði.

Þeir sem svöruðu því að sameina mætti einhver sveitarfélaganna, voru einnig spurðir um það hvaða sameiningu þeir vildu helst sjá. Svarendur gátu þar merkt við fleiri en einn valmöguleika.

Af íbúum á höfuðborgarsvæðinu svöruðu flestir, eða tæpur helmingur því, að sameina mætti öll sveitarfélögin á svæðinu í eitt sveitarfélag. Næstflestir nefndu sameiningu Reykjavíkur og Seltjarnarness, eða rúm 44 prósent.

Rúm 27 prósent svöruðu að sameina mætti Kópavog, Hafnarfjörð og Garðabæ og tæp 22 prósent að sameina mætti Reykjavík og Mosfellsbæ.

Þá nefndu rúm 15 prósent sameiningu Hafnarfjarðar og Garðabæjar, tæp tíu prósent sameiningu Kópavogs og Garðabæjar og rúm átta prósent sameiningu Reykjavíkur og Kópavogs.

Ef svör íbúa á landsbyggðinni eru skoðuð, kemur í ljós að tveir af hverjum þremur sem vilja sjá einhverja sameiningu nefna sameiningu allra sveitarfélaganna.

Könnunin sem var send á könnunarhóp Zenter, var framkvæmd 16. til 28. júlí. Í úrtaki voru 2.600 manns 18 ára og eldri, en svarhlutfall var rúm 55 prósent. Gögnin voru greind eftir kyni, aldri og búsetu.

sighvatur@frettabladid.is

Styðja einhverja sameiningu (búseta)

	Já	Nei
Reykjavík	81,2%	18,8%
Kópavogur	73,7%	26,3%
Hafnarfjörður	57,6%	42,4%
Garðabær	50,1%	49,9%
Mosfellsbær	32,4%	67,6%
Seltjarnarnes	35,2%	64,8%
Landsbyggðin	80,5%	19,5%



Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu eru sex talsins. Mestur stuðningur við einhvers konar sameiningu er meðal Reykvíkinga.

Samanlagður íbúafjöldi tæp 235 þúsund

Þann 1. júlí síðastliðinn var samanlagður fjöldi íbúa sveitarfélaganna sex 234.703, samkvæmt tölum frá Þjóðskrá. Í Reykjavík bjuggu 132.421, Kópavogsbúar voru 38.156, Hafnfirðingar 29.873, Garðbæingar 17.322, í Mosfellsbæ voru íbúar 12.231 og á Seltjarnarnesi voru þeir 4.700.

98% þátttakenda segjast þora meira að vera þau sjálf

Það sem þátttakendur uppskera:

- Aukið sjálfstraust, sterkari sjálfsmynd og trú á eigin getu
- Hugrekki til að rétta upp hönd og taka þátt í umræðum
- Leiðir til að kynnast nýju fólki, bæta samskipti og styrkja sambönd
- Þor til að koma hugmyndum sínum á framfæri og hafa áhrif
- Betra skipulag og skýrari markmið
- Jákvætt viðhorf og kvíða/streitustjórnun

Dale Carnegie

Næstu námskeið:

10-12 ára – 5. ágúst kl 9-13, 8 virka daga í röð - Uppselt
10-12 ára – 12. ágúst kl 10-14, 8 virka daga í röð
10-12 ára – 26. september kl 10-13, 8 laugardaga í röð
13-15 ára – 5. ágúst kl 13.00 til 16.30, 8 virka daga í röð
13-15 ára – 22. september kl 17-20.30, 1x í viku í 8 vikur
16-19 ára örnámskeið – Kickstartaðu haustinu! 17.-18. ágúst kl 13-16
16-19 ára – 10. ágúst kl 18-22, 8 skipti á 4 vikum
16-19 ára – 23. sept kl 18-22, 1x í viku í 8 vikur
20-25 ára – 4. ágúst kl. 18-22, tvisvar í viku – Örfá sæti laus
20-25 ára – 24. september kl. 18-22, einu sinni í viku
18-25 ára – 9.-11. október kl 8.30-17, 3 dagar í röð

Kynntu þér málið á dale.is eða í síma 5557080

Wizar

...fyrir lífsins ljúfu stundir

Hægindastóllinn sem slegið hefur í gegn og Íslendingar elska!

360° snúningur | innbyggður fótaskemill
hallanlegt bak | stillanlegur höfuðpúði

Fáanlegir **Wizar** litir

Verð frá
209.900 kr.

Vogue
FYRIR HEIMILIÐ

VOGUE FYRIR HEIMILIÐ | SÍÐUMÚLI 30 - REYKJAVÍK | HOFSBÓT 4 - AKUREYRI | 533 3500 | VOGUE.IS

Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir dómsmálaráðherra boðar flutning.

Tilkynnti Ólafi flutning til Eyja

STJÓRNSÝSLA Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir dómsmálaráðherra hefur tilkynnt Ólafi Helga Kjartanssyni, lögreglustjóra á Suðurnesjum, um flutning hans til embættis lögreglunnar í Vestmannaeyjum.

Í formlegu bréfi er tilkynnt að flutningur Ólafs Helga til Eyja taki gildi strax um mánaðamótin, fallist hann á flutninginn. Hefur hann því skamman tíma til að taka afstöðu til þessara breytinga. Hafni Ólafur breytingunum, kann að vera einfaldara fyrir ráðherra að gera við hann starfslokasamning. Ólafur Helgi verður 67 ára í september og er því kominn á leyfilegan eftirlaunaaldur.

„Ég tjái mig ekki um það," sagði Ólafur Helgi í gær, inntur eftir upplýsingum um fyrirhugaðan flutning. Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir dómsmálaráðherra svaraði ekki fyrirspurnum Fréttablaðsins um málið, sem nánar er fjallað um á frettabladid.is. **– aá**

Harry Potter and the Goblet of Fire.

Fertugsafmæli Harry Potter fagnað ákaft

SAMFÉLAG Galdradrengurinn Harry Potter er ein dáðasta skáldsagnapersóna allra tíma. Kemur fram í bókum J. K. Rowling að Potter er fæddur 31. júlí 1980. Hann fagnar því fertugsafmæli. Því verður fagnað í Borgarbókasafninu í Kringlunni næstu daga.

Í tilkynningu frá Borgarbókasafninu segir að hugdjarfir geti leitað helkrossa, forvitnir geta komist að því í hvaða vist þeir eru eða tekið myndir af nýsloppnum Azkabanföngum. Hægt er að föndra öskrara fyrir þá sem þurfa orð í eyra eða hjálpa Harry að föndra Hedwig og ferðatösku svo hann komist í skólann.

Fögnuðurinn nær svo hámarki frá klukkan 13-14 á föstudaginn er slegið verður upp kökuboði. **– þþ**

Ítrekað gripinn undir áhrifum

LÖGREGLUMÁL Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu hefur gefið út ákæru gegn fertugum Reykvíkingi fyrir að keyra ítrekað undir áhrifum áfengis- og vímuefna. Ekki tókst að birta manninum ákæruna sem var því birt í Lögbirtingablaðinu.

Manninum er gefið að sök að hafa ekið alls átta sinum á 18 mánaða tímabili undir áhrifum. Í öllum tilvikum var hann undir áhrifum kannabisefna og í helmingi tilvika einnig undir áhrifum áfengis. **– þþ**

Sekkjapípur ómuðu

Þau Barbara, Constantin og Lothar frá Þýskalandi, blésu í sekkjapípur af miklum þrótti við Bernhöftstorfu á mánudaginn. Þessi þýska fjölskylda sem tilheyrir sautján manna áhugahópnum The Castle Pipers, kvaðst eiga sumarhús hér á landi og dvelja þar í fríum sínum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Útflutningur á almennu sorpi til Danmerkur færist í aukana

Um það bil 1500 tonn af sorpi eru flutt úr landi í hverjum mánuði og þar er það brennt til orkuframleiðslu. Einsýnt er að útflutningurinn muni aukast. Sorpa hefur ekki enn hafið útflutning á sorpi, en allar líkur eru á fyrirtækið geri það á næsta ári. Sorpa mun hætta urðun sorps í Álfsnesi fyrir árslok 2023.

UMHVERFISMÁL Einsýnt er að útflutningur á almennu sorpi muni aukast á næstu misserum, segja viðmælendur Fréttablaðsins. Útflutningur á vegum einkaaðila hefur aukist mikið síðastliðið ár og nú hefur Sorpa það til skoðunar að gera slíkt hið sama, en samkvæmt nýlega samþykktum viðauka eigendastefnu fyrirtækisins verður hætt að urða sorp í Álfsnesi fyrir árslok 2023. Sorpið sem flutt er út, einkum til Danmerkur, er brennt til orkuframleiðslu þegar það er komið á áfangastað.

Íslenska gámafélagið flytur um 1.500 tonn af almennu sorpi út í hverjum mánuði til orkuframleiðslu, að sögn Jóns Þóris Frantzsonar, forstjóra fyrirtækisins. Á ársgrundvelli eru það um 18 þúsund tonn, en Jón Þórir segir að á næsta ári verði stefnt að því að tvöfalda magnið, enda sé eftirspurnin mikil erlendis. „Ég er alltaf að leita að meira efni til að flytja út," segir hann í samtali við Fréttablaðið.

„Við flytjum sorpið til þriggja staða – Rotterdam og Osló og svo til Álaborgar í Danmörku," segir Jón Þórir, en um þriðjungur alls rafmagns sem Álaborg og nærliggjandi sveitarfélög nota, er framleiddur með brennslu á sorpi.

Samkvæmt upphaflegri eigendastefnu Sorpu frá árinu 2013 átti að hætta að urða sorp í Álfsnesi í lok þessa árs, en því hefur nú verið frestað til ársloka 2023. Sorpa hefur ekki ráðist í útflutning á sorpi til orkubrennslu enn sem komið er, en líklegt er að slíkar hreyfingar fari af stað snemma á næsta ári, að sögn Helga Þórs Ingasonar, framkvæmdastjóra Sorpu.

Samkvæmt nýrri eigendastefnu Sorpu verður hætt að urða sorp í Álfsnesi fyrir árslok 2023. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

> **Við flytjum sorpið til þriggja staða – Rotterdam og Osló og svo til Álaborgar í Danmörku.**

Jón Þórir Frantzson, forstjóri Íslenska gámafélagins

Helgi Þór áætlar að allt að 60 til 70 þúsund tonn af sorpi sem annars hefði farið til urðunar á Íslandi, gætu endað í erlendri orkuvinnslu. Raunar sé það eini möguleikinn í stöðunni á meðan engin sorpbrennsla er til staðar á Íslandi eftir að hætt verður að urða í Álfsnesi.

Sorpa hefur leyfi til að urða 120 þúsund tonn á ári af almennu sorpi í Álfsnesi en hefur ítrekað farið yfir þau mörk. Til að mynda voru 147 þúsund tonn urðuð árið 2018. Líklegt er talið að nokkuð svipuð staða verði upp á teningnum á árinu 2019.

Eftir að Sorpa fór svo langt yfir urðunarheimild sína á árinu 2018, þurfti félagið að skila inn úrbótaáætlun til samþykktar hjá Umhverfisstofnun. Sorpu hefur enn ekki verið veitt áminning frá Umhverfisstofnun vegna þessa, en ekki er hægt að beita dagsektum vegna brota á urðunarheimildum nema að undangenginni áminningu. Dagsektir geta numið allt að 500 þúsund krónum, samkvæmt lögum. **thg@frettabladid.is**

VIÐ ELSKUM AÐ GRILLA

Stokes Relish fyrir sælkeraborgara

749 kr/stk

Ribeye borgari

Alvöru borgarar úr íslensku Ribeye 2x120 g

1.104 kr/kg

Verð áður 1.299 kr/kg

Sósur sem gera góðan borgara betri

379 kr/stk

Tilboð gilda út 3. ágúst

Lambalærissneiðar með salvíu, oregano og chilli

2.719 kr/kg

Verð áður 3.199 kr/kg

Sérvalið íslenskt lambalæri með ferskum kryddjurtum

2.174 kr/kg

Verð áður 2.899 kr/kg

Drumsticks, Piri piri BBQ, Argentínu, buffaló og BBQ

1.199 kr/kg

Verð áður 1.599 kr/kg

Grill + risa sykurpúðar = hamingja

779 kr/pk

Rib world grísarif Þarf aðeins að hita

1.099 kr/pk

Tostitos snakk í úrvali

899 kr/pk

HAGKAUP

Lothar Wieler, forstöðumaður Robert Koch Institut. MYND/GETTY

Áhyggjur vaxa í Þýskalandi

ÞÝSKALAND Forstöðumaður þýsku heilbrigðisstofnunarinnar, Robert Koch Institute, hefur miklar áhyggjur af fjölgun COVID-19 tilfella í landinu. Hann varar við því að aukningin gæti markað upphaf annarrar bylgju faraldursins. 3.611 ný smittilfelli hafa greinst í Þýskalandi síðastliðna viku.

Wieler segir Þjóðverja orðna kærulausa og hvetur fólk til þess að notast við andlitsgrímur, virða fjarlægðarmörk og sóttvarnarreglur. Nauðsynlegt sé að hindra að Þýskaland missi aftur stjórn á faraldrinum. Í gær gaf Wieler í fyrsta skipti þau tilmæli að Þjóðverjar ættu að notast við andlitsgrímur utandyra, ef fólk gæti ekki haldið eins og hálfs metra fjarlægð hvert frá öðru.

Alls hafa um 206.242 tilfelli greinst í Þýskalandi og 9.122 látið lífið af völdum COVID-19. Tilkynnt var um 633 ný smittilfelli í landinu í gær, sem er nær tvöföldun frá því í fyrradag, er greint var frá 340 tilfellum. **– eþá**

Andlitsgrímur skylda í Madrid

SPÁNN Borgarstjóri Madrid, Isabel Díaz Ayuso, tilkynnti í gær að skylt væri að bera andlitsgrímur í borginni á öllum opinberum svæðum, þar með töldum götukaffihúsum, jafnvel þar sem fjarlægðarmörk eru virt.

Þessi nýja regla sem að sögn dagblaðsins El País hefur þegar verið kynnt í öllum sautján héruðum Spánar, utan Kanaríeyja, tekur gildi á morgun. Er þetta hluti áætlunar sem felur m.a.í sér að ekki megi fleiri en tíu koma saman í einu, staðir megi ekki vera opnir lengur en til 1.30 eftir miðnætti og skrá þurfi gesti inn til að auðvelda smitrakningu. **– gar**

Á Ólafsvöku 2017. FRÉTTABLAÐIÐ/SAR

Lögregla vaktar gesti Ólafsvöku

FÆREYJAR Lögreglan í Færeyjum hefur fengið það óvenjulega hlutverk á Ólafsvökunni sem hófst í gær, að gæta þess að fólk standi ekki of nærri hvert öðru. Þetta kemur fram á vef færeyska útvarpsins, kvf.fo.

„Eitt margra óvenjulega atriða á Ólafsvökunni þetta árið er aukinn fjöldi lögreglumanna á götum úti," er haft eftir Michael Boolsen lögreglustjóra.

Mörgum viðburðum á Ólafsvökunni, þar með talið hinum vinsæla miðnætursöng við þinghúsið, hefur verið aflýst og í miðbæ Þórshafnar er gripið til ráðstafana til að hindra myndun stórra hópa. **– gar**

Leitin að McCann berst til Þýskalands

Lögreglan í Þýskalandi leitaði í gær að vísbendingum sem gætu varpað ljósi á hvarf Madeleine McCann, sem síðast sást í í Portúgal í maí 2007. Leitað var við hús sem tilheyrði dæmdum barnaníðingi að nafni Christian Brueckner, sem grunaður er um aðild að hvarfinu. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Stokkhólmsbúar geta bráðum heimsótt Danmörku og Noreg

Dregið hefur úr útbreiðslu COVID-19 í Svíþjóð og uppfylla sum svæði í landinu nú þegar skilyrði fyrir ferðalögum til Danmerkur og Noregs. Sóttvarnalæknir Svía segist reikna með að íbúar Stokkhólms falli brátt í þennan flokk. Hann ítrekar að Svíar þurfi að axla sameiginlega ábyrgð, svo þróunin verði jákvæð.

COVID-19 Anders Tegnell, sóttvarnalæknir Svíþjóðar, segir að ef fækkun COVID-19 tilfella haldi áfram eins og verið hafi undanfarið, verði jafnvel fólki af Stokkhólmssvæðinu leyft að heimsækja Noreg og Danmörku.

Að því er kemur fram í frétt Sænska ríkissjónvarpsins gætu Stokkhólmsbúar jafnvel strax í næstu viku heimsótt nágrannalöndin. Í gær höfðu tvö dauðsföll verið staðfest undangenginn sólarhring í Svíþjóð vegna COVID-19. Bent er á að víða annars staðar í heiminum fjölgi tilfellum smits hins vegar á ný.

„Við héldum að það myndi fyrst gerast í haust en Svíþjóð fylgir ekki þessari tilhneigingu," sagði Anders Tegnell á upplýsingafundi gærdagsins.

Svíar frá til dæmis Blekinge, Skáni og Halland, hafa frá því í síðustu viku getað ferðast til Danmerkur. Skilyrðin fyrir því að fá að fara til Danmerkur og Noregs eru þau að fólk komi af svæði þar sem í mesta lagi eru 20 virk tilfelli smits af COVID-19 á hverja eitt hundrað þúsund íbúa, að sögn sænska ríkissjónvarpsins.

Þess má geta til samanburðar að í gær voru 22 tilfelli virks smits á Íslandi, sem þýðir um sex tilfelli á hverja eitt hundrað þúsund íbúa.

Anders Tegnell telur, eins og fyrr segir, að Stokkhólmur nái fljótlega að uppfylla þetta skilyrði, sennilega þegar í næstu viku. Samkvæmt opinberum tölum í Svíþjóð eru nú þrettán virk tilfelli á hverja eitt hundrað þúsund íbúa. Alls hafa bæst við 34 tilvik á síðustu tveimur vikum.

Svíar hafa farið illa út úr COVID-19 miðað við önnur Norðurlönd, en rofað hefur til undanfarið. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Það er þetta sem við horfum til, en allt byggir á því að við tökum sameiginlega ábyrgð.

Anders Tegnell, sóttvarnalæknir Svíþjóðar

Virk tilfelli smits í Svíþjóð eru nú þrettán á hverja eitt hundrað þúsund íbúa.

Mikill munur er á milli svæða í Svíþjóð að þessu leyti, þar sem staðan er best er hún sambærileg því sem er á Íslandi, en þar sem tilfellin eru flest eru þau 70 á hverja eitt hundrað þúsund íbúa. Svæðin til endanna á þessum skala eru þó tiltölulega fámenn, að því er segir á vef sænska ríkissjónvarpsins og staðan geti því breyst hratt.

„Þetta lítur mjög lofandi út og það virðist sem að ferðalög til og frá Svíþjóð verði bráðum sífellt meira með eðlilegum hætti. Það er þetta sem við horfum til, en allt byggir á því að við tökum sameiginlega ábyrgð," segir sóttvarnalæknir Svía.

gar@frettabladid.is

Pizza Hut™

Út í hut

TILBOÐ

Þú sækir **stóra pizzu** með
tveimur áleggstegundum
af matseðli .....

1.990 KR

Pantaðu í síma **515 1617** eða á **pizzahut.is**

Pizza Hut Smáralind og Pizza Hut Staðarbergi 2-4, Hafnarfirði

Lárus Páll Birgisson var tvívegis sakfelldur fyrir mótmæli fyrir utan Bandaríska sendiráðið við Laufásveg. Í fyrra skiptið var fundið að því við Lárus að hann væri fyrir innan blómaker sem markaði sendiráðslóðina. Honum var ekki gerð refsing þá. Í síðara skiptið gæti hann þess að virða mörk blómakersins en það dugði ekki til og hann var ákærður og sektaður. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Hlýðniskylda í lögum í 20 ár

Í lok 20. aldar fékk lögregla heimild til að fjarlægja fólk af opinberum svæðum til að halda uppi allsherjarreglu. Refsivert varð að óhlýðnast lögreglu og síðan hafa tugir mótmælenda verið sakfelldir fyrir óhlýðni. Stjórnarskrárákvæði um tjáningar- og fundafrelsi hafa verið látin víkja. Tveir voru ákærðir nú í júní og fjölmargir þar á undan.

Yfir hundrað voru handteknir í mótmælum á Kárahnjúkum á árunum 2005 til 2007. Að lokum voru 34 dæmdir, meðal annars fyrir að hlýða ekki fyrirmælum lögreglu. Fengu hin dæmdu sekt eða skilorð.

Hópur mótmælenda lokaði veginum að Hellisheiðarvirkjun haustið 2009. Fjögur voru ákærð og dæmd fyrir óhlýðni við lögreglu. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Níu voru dæmd fyrir óhlýði við lögreglu í Gálgahrauni haustið 2013. Hæstiréttur frestaði refsingunni héldu sakamennirnir skilorð. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Fá réttarhöld hafa vakið jafn miklar tilfinningar og í máli þeirra níu sem voru ákærð fyrir alvarleg brot gegn lögreglu og Alþingi í Búsáhaldabyltingunni. Þau voru m.a. sakfelld fyrir óhlýðni við lögreglu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

FARTÖLVUR!

ÞÚ FINNUR RÉTTU TÖLVUNA HJÁ OKKUR

ASUS

ASUS VIVOBOOK 15

· Fæst nú með 10. kynslóð Intel i5 örgjörva
· Rammalaus NanoEdge skjár, nýtir stærðina enn betur
· Með ErgoLift löm sem lyftir tölvunni örlítið, fyrir aukin þægindi

APPLE MACBOOK AIR 2020

· Ótrúlega léttar og þunnar tölvur sem eru aflmeiri en nokkurn tímann áður
· 20% stærri snertiflötur og nýtt Magic lyklaborð
· Skelinn er úr 100% endurunnu áli

APPLE MACBOOK PRO 2020

· Tilvalin fyrir þau kröfuhörðustu, hönnuð til að auðvelda vinnuflæði og afköst
· Nú fáanleg með örgjörva sem eykur afköst skjástýringar um allt að 80%
· Nýtt Magic lyklaborð með meiri nákvæmni

acer

ACER NITRO 5

· Yfirgnæfandi afkastageta með 10. kynslóð Intel örgjörva og Nvidia skjákorti
· Nú með DTX:X Ultra hljóðstýringu sem skilar skýrara og kraftmeira hljóði
· KillerConnectivity gerir þér kleift að forgangsraða forritum fyrir notkun á netinu

ASUS

ASUS EXPERTBOOK

· Ein léttasta 14" fartölvan á markaðnum
· Handhafi RedDot 2020 verðlaunanna
· Rafhlaða endist í allt að 24 tíma

acer

ACER PREDATOR TRITON 500

· Ótrúlega kraftmikil miðað við stærð
· Notar CoolBoost tækni sem stillir kælinguna eftir þörfum
· 300Hz endurnýjunartíðni sem er allt að 4x meira en í hefðbundnum fartölvum

tl.is

SKOÐAÐU ÚRVALIÐ Á TL.IS

REYKJAVÍK · AKUREYRI · EGILSSTAÐIR · REYKJANESBÆR · SELFOSS · AKRANES

TÖLVU LISTINN

FRÉTTABLAÐIÐ
SKOÐUN

Til óhlýðinna

Aðalheiður Ámundadóttir
adalheidur@frettabladid.is

Tveir ungir menn voru ákærðir fyrir óhlýðni fyrr í vor. Verði þeir sakfelldir bætast þeir í hóp tuga annarra sem hafa nýtt stjórnarskrárvarinn rétt sinn til að tjá óánægju sína opinberlega og hlotið refsingu fyrir. Ungu mennirnir höfðu sest í anddyri dómsmálaráðuneytisins og óskað eftir áheyrn ráðherra: Vildu ræða við hana aðbúnað flóttafólks. Ráðherra tók ekki á móti þeim en hringdi á lögreglu. Þeir voru handteknir, sakaðir um húsbrot og nú ári síðar ákærðir fyrir að óhlýðnast fyrirmælum lögreglu um að yfirgefa umrædda, opinbera byggingu.

Líkt og í flestum frjálsum lýðræðisríkjum hafa íslenskir borgarar reglulega séð ástæðu til að tjá óánægju sína með innlend eða erlend stjórnvöld á grundvelli stjórnarskrárvarins réttar. Fram undir lok síðustu aldar taldi lögregla sig þó hafa „venjuhelgaða“ heimild til að handtaka fólk og fjarlægja af almannafæri til að halda uppi friði og allsherjarreglu. En þegar á reyndi dugðu þær ekki fyrir dómi. Ekki þá.

Átta manns voru handtekin í maí 1997 við mótmæli á Austurvelli, þar sem fram fóru upptökur á bandaríska þættinum Good Morning America. Einn hinna handteknu höfðaði síðar mál og krafðist bóta fyrir ólöglega handtöku. Lögregla vísaði til nýrra lagaákvæða um heimild sína til að handtaka og fjarlægja fólk, og skyldu borgara til að hlýða slíkum fyrirmælum. Ekki var fallist á þetta með lögreglunni þar sem hin nýju lög höfðu ekki tekið gildi þegar mótmælin á Austurvelli fóru fram. Hinum handtekna voru dæmdar 50 þúsund krónur í bætur fyrir ólögmæta frelsissviptingu. Í dóminum segir meðal annars: „Verður að telja að lögreglu hafi skort lagaheimild til handtöku stefnanda sem nýtti sér stjórnarskrárbundinn rétt sinn til þess að koma skoðunum sínum á framfæri.“

Að þessum dómi gengnum urðu vatnaskil í vernd réttar frjálsra borgara til friðsamlegra mótmæla. Margir muna óblíðar móttökur sem meðlimir Falun Gong fengu við komu hingað árið 2002, en tilvikin eru svo miklu fleiri. Árið 1997 voru mótmæli í raun gerð refsiverð og lögreglu ekki aðeins fengin skýr lagaheimild til að hafa afskipti af mótmælum, heldur einnig til að ákæra þá sem ekki hlýddu fyrirmælum. Dómstólarnir hafa því miður brugðist gjörsamlega og þeir borgarar sem íhuga að nýta rétt sinn og frelsi til að veita stjórnvöldum aðhald, þurfa því ekki aðeins að gera upp við sig hvort þeir hætti á að verða fjarlægðir af vettvangi, heldur eiga þeir einnig yfir höfði sér sakfellingu fyrir refsivert athæfi, með öllu sem því fylgir.

Enginn virðist hafa haft uppi andmæli gegn þessari breytingu á sínum tíma. Amnesty International og Mannréttindaskrifstofu Íslands bárust boð um að veita umsögn um frumvarpið, en engar bárust. Afnám þessara mannréttinda rann átakalaust í gegn og eftir að hin nýju lögreglulög tóku gildi um mitt ár 1997 hafa íslenskir dómstólar talið hlýðniskyldu við lögreglu æðri, bæði tjáningarfrelsinu og hinu gamalgróna ákvæði stjórnarskrárinnar um rétt manna til að safnast saman vopnlausir. Ekki aðeins hefur þessi réttur verið afnuminn, heldur eru mótmæli beinlínis bönnuð hér á landi.

Ekki aðeins hefur þessi réttur verið afnuminn, heldur eru mótmæli beinlínis bönnuð hér á landi.

Halldór



Frá degi til dags

Ólafsveisla

Óhætt er að fullyrða að gjörvallar Vestmannaeyjar hafi nötrað þegar greint var frá því að dómsmálaráðherra hygðist senda hinn umdeilda lögreglustjóra, Ólaf Helga Kjartansson, til að taka við stjórn löggæslumála þar syðra. Hinn háværi minnihluti reis upp á afturlappirnar og gjammaði á samfélagsmiðlum eins og von var. Þeir sem völdin hafa sýndu hins vegar hvernig þeim var innanbrjósts með verkum sínum. Sama dag var samþykkt leyfi fyrir flugeldahátíð og veisluhöld þar sem ekkert verður til sparað. Stór brenna og áfengissala utandyra. Sem betur fer mun þó enginn græða, en ágóðinn rennur samt til ÍBV.

Sameina draslið

Ný skoðanakönnun Fréttablaðsins um afstöðu Íslendinga til Borgarlínunnar vöktu athygli í vikunni. Ekki síst fyrir þær sláandi fréttir að Garðbæingar og Seltirningar eru á móti hinni meintu byltingu í almenningssamgöngum. Best færi á því ef fjölmenn nefnd félags- og sálfræðinga myndi rannsaka frekar hvers vegna í ósköpunum íbúar þessara bæjarfélaga vilja ekki eyða milljörðum í strætó á sterum. Þá voru Reykvíkingar nokkuð hlynntir áformunum, en fólk af landsbyggðinni er á móti áformunum og telur þau greinilega algjört bruðl.

Skiptir sjálfbærni máli?

Kristján Már Sigurbjörnsson
rannsakandi hjá brandr

Vörumerkjavísitala brandr mælir þær tengingar sem skipta mestu máli í huga hins almenna neytanda. Gagnagrunnur vísitölunnar hefur farið ört vaxandi og þessi hafsjór af upplýsingum veitt okkur tækifæri til að skilja hvernig íslenskir neytendur skynja vörumerki. Ein af fjórum víddum vísitölunnar er sjálfbærni og umhverfi, sem mælir þætti sem snúa að sjálfbærni, umhverfismálum og samfélagslegri ábyrgð í nærumhverfi.

Það vekur helst athygli í niðurstöðum þessara greininga að sjálfbærni- og umhverfisvíddin hefur lítil sem engin áhrif á það hvort viðskiptavinir séu tilbúnir til þess að mæla með íslenskum vörumerkjum. Þessar niðurstöður eru áhugaverðar í ljósi umræðu um sjálfbærni og samfélagslega ábyrgð vörumerkja, sem hefur átt sér stað í samfélaginu síðustu ár.

Þess ber að geta að almennt eiga viðskiptavinir erfitt með að svara spurningum sem varða sjálfbærni og umhverfi, vegna skorts á upplýsingum frá fyrirtækjum. Því er stór hluti viðskiptavina sem tekur ekki afstöðu gagnvart þáttum sem mæla þessar tengingar. Aðspurðir telja hins vegar viðskiptavinir íslenskra vörumerkja að umhverfisstefna vörumerkja sé þeim mikilvæg. Það vekur því upp spurninguna hvort að vörumerki séu almennt ekki að standast kröfur neytenda þegar kemur að sjálfbærni og samfélagslegri ábyrgð, eða hvort þau séu einfaldlega ekki að miðla því nógu vel til viðskiptavina sinna.

Það eru vissulega til vörumerki á Íslandi sem standa sig mjög vel þegar kemur að þessum málaflokkum og verja tíma og fjármunum í að uppfylla ýmis skilyrði, hvort sem að það eru markmið Sameinuðu þjóðanna eða ESG viðmið Nasdaq. Í þessu felast tækifæri fyrir vörumerki sem telja sig sannarlega vera sjálfbær og samfélagslega ábyrg. Tækifærin felast í því að innleiða þessa þætti í staðfærslu vörumerkja, sem samsvarar raunverulegum aðgerðum fyrirtækja, og miðla því til neytenda á einfaldan og skilvirkan hátt.

Nánari útlistun og greiningar á gagnasafni brandr vísitölunnar má finna á samfélagsmiðlum brandr.

Í þessu felast tækifæri fyrir vörumerki sem telja sig sannarlega vera sjálfbær og samfélagslega ábyrg.

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Helgi Magnússon FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI: Jóhanna Helga Viðarsdóttir RITSTJÓRI: Jón Þórisson *jon@frettabladid.is*, FRÉTTASTJÓRAR: Aðalheiður Ámundadóttir *adalheidur@frettabladid.is* Ari Brynjólfsson *arib@frettabladid.is*, Garðar Örn Úlfarsson *gar@frettabladid.is* MARKAÐURINN: Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* FRÉTTABLAÐIÐ.IS: Kristjón Kormákur Guðjónsson *kristjon@frettabladid.is*.
Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* HELGARBLAÐ: Björk Eiðsdóttir *bjork@frettabladid.is* MENNING: Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is*
LJÓSMYNDIR: Anton Brink *anton@frettabladid.is* FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

Auðmenn eiga ekki að stýra landakaupaumræðunni

Ögmundur Jónasson
fyrrverandi ráðherra

Sláandi var frásögn Ríkisútvarpsins af nýsettum lögum um landakaup. Þar sagði meðal annars: „Veigamestu breytingarnar, en jafnframt þær umdeildustu, felast í að landbúnaðarráðherra fær heimild til að setja hömlur á jarðakaup. Þannig getur fasteignakaupandi ekki eignast land ef hann eða tengdir aðilar eiga fyrir land sem er samanlagt 10 þúsund hektarar að stærð nema með sérstakri undanþágu frá ráðherra.“ Það er vissulega rétt að auðmenn sem vilja kaupa upp allt land á stórum svæðum, nánast landshluta, vilja engar hömlur, jafnvel þær sem eru aðeins að formi til, það er líka rétt að ósvífnustu og stórtækustu braskararnir tefla fram málaliðum sem segja af og frá að stjórnarskrá Íslands eigi að gilda en í 72. grein hennar segir að „með lögum má takmarka rétt erlendra aðila til að eiga fasteignaréttindi ... hér á landi.“

Undanhald

Ríkisstjórn og Alþingi höfðu því miður ekki dug í sér til að standa á þessum rétti okkar, hvað þá láta reyna á þá túlkun stjórnlagasérfræðinga að EES samningurinn taki ekki til landakaupa, enda hefði fjármagnsflæði yfir landamæri (frjálst flæði fjármagns) jafnan átt að skoðast í ljósi samspils við aðra þætti „fjórfrelsisins“, það er hvort það þjónaði markmiðum hins innri markaðar um frelsi til fólksflutninga, staðfesturéttar og viðskipta með vörur og þjónustu. Þarna er um að ræða undanhald frá markaðri stefnu, sem birtist í reglugerð og lagafrumvarpi frá þáverandi ríkisstjórn, árið 2013. Þar var sett sem skilyrði fyrir eign á landi (umfram spildu undir bústað) að kaupandi væri íslenskur ríkisborgari og að aldrei mætti framselja eignarhald á landi út fyrir landsteinana þannig að vatns- og veiðiréttindi fylgdu.

Hvers vegna ekki allt land?

Það jákvæða við nýsett lög er að nú skal gerð gangskör að skráningu landareigna og jafnframt fengið samþykki fyrir aðilaskiptum. En viti menn, því aðeins er slíkt skylt að menn eigi fyrir fimm lögbýli eða fleiri, eða samanlagt 1.500 hektara lands. Hvers vegna þessi mörk í ljósi þess að einu skilyrðin fyrir leyfisveitingu á þessu stigi eru að farið sé að lögum og reglum sem gilda um skipulag og nýtingu á landi? Að öðru leyti er leyfisveitingin formsatriði. Hvað varðar þær takmarkanir á landakaupum sem Ríkisútvarpið vitnaði til, þá koma þær fyrst til sögunnar eigi viðkomandi 10 þúsund hektara fyrir. Það er ígildi tíu Skálholtsjarða, eða 20 til 30 ágætra landbúnaðarjarða í Eyjafirði eða á Suðurlandi. Nú er hins vegar vitað að menn á borð við auðmanninn Ratcliffe eiga þegar miklu meira land en þessu nemur. Yrði hann stöðvaður með þessum lögum? Það væri hægt enda skal það „að jafnaði“ gert, eins og segir í lagatextanum.

Eignaraðall og landsetar

Vandinn er hins vegar sá að þegar rýnt er í lögin kemur í ljós að það sem James þessi Ratcliffe segist vera að gera, það er að halda landi í byggð, verja laxastofna í samráði við innlendar stofnanir, fara að skipulagsákvæðum, þá verður líklegra en ekki að honum og hans líkum yrði veitt undanþága þrátt fyrir ákvæði um höfnun „að jafnaði“. Er það þá ekki bara besta mál að auðmennirnir á norðausturhorninu, í Fljótunum og Tungunum

Ríkisútvarpið var í hópi þeirra fjölmiðla sem sýndu þessari söfnun undirskrifta ekki hinn minnsta áhuga. Þeim mun meira hefur fréttastofan þar á bæ horft til þess sem peningamennirnir, annað hvort þeir sjálfir eða keyptir aðstoðarmenn þeirra, segja.

eignist Ísland: Að byggðunum, laxinum, vatninu og orkugjöfunum verði best borgið í þeirra höndum? Það þykir ekki tíu þúsund manns sem undirrituðu kröfur um hið gagnstæða sem forsvarskonan fyrir söfnuninni, Jóna Imsland, afhenti nú nýlega forsætisráðherra við takmarkaða athygli fjölmiðla, með undantekningum þó.

Vilja ekki þjóðfélag húsbænda og hjúa

Þetta fólk vill ekki að Ísland verði land auðmanna og leiguliða þeirra. Þetta fólk vill að afdráttarlaust bann verði sett við eignasöfnun á landi, miklum mun þrengra en undanþáguákvæðið leyfir, að löggjafinn taki fram fyrir hendur á framkvæmdavaldinu með afgerandi hætti þannig að pólitískir stundarhagsmunir ráði aldrei för! Ríkisútvarpið var í hópi þeirra fjölmiðla sem sýndu þessari söfnun undirskrifta ekki hinn minnsta áhuga. Þeim mun meira hefur fréttastofan þar á bæ horft til þess sem peningamennirnir, annað hvort þeir sjálfir eða keyptir aðstoðarmenn þeirra, segja. Þá verður líka skiljanleg tilvísun í þau „umdeildu“ ákvæði sem ekki falla að hagsmunum auðmanna. Þúsundir undirskrifta teljast ekki með þegar skilgreint er hvað teljist umdeilt í hinum nýju lögum. Svo einfalt er það. Eða kannski ekki.

Hver verða næstu skref?

Látum ríkisstjórn og Alþingi njóta vafans. Myndi ríkisstjórnin vera svo væn að upplýsa okkur um hvort fyrirhuguð séu frekari skref á næstunni? Varla er þessu máli lokið, landsmenn varla svo lítilþægir. Alla vega var okkur sagt að stöðva ætti eignasöfnun í landi á afgerandi hátt. Hvenær verður það gert? Hver verða næstu skref?

Þörf á góðri leiðsögu

Guðjón Jensson
eldri borgari og leiðsögumaður

Vorið 1992 lauk eg prófi frá Leiðsöguskóla Íslands. Þetta var stutt en mjög áhugavert nám á háskólastigi veturinn 1991-1992 sem að miklu leyti var mjög góð og þörf upprifjun á menntaskólanáminu tveimur áratugum fyrr. Auk þess var góð yfirferð um það nýjasta í jarðfræði Íslands sem þáverandi skólastjóri Jarðhitaskóla Sameinuðu þjóðanna, Ingvar Birgir Friðleifsson jarðfræðingur og doktor í Esjunni sá um. Þá var auðvitað farið yfir landið þar sem lögð var áhersla á staðfræðilega þekkingu og reynslu í ferðalögum undir leiðsögn Kristbjargar Þórhallsdóttur og Birnu G. Bjarnleifsdóttur skólastjóra Leiðsöguskólans. Auðvitað voru ýmsir fleiri sem komu að náminu en þetta voru eftirminnilegustu kennararnir sem báru af.

Öll sumrin síðan hefi eg starfað sem leiðsögumaður utan sumarið 2016 en þá varð eg að draga stórlega í land vegna alvarlegra veikinda en þá átti eg í baráttu við krabbamein. Eg hefi ætíð síðan borið mikla virðingu fyrir heilbrigðisþjónustunni okkar sem eg tel standa sig mjög vel þrátt fyrir allt.

Eg hafði leiðsögn að hlutastarfi fram að bankahruni en eftir það hefur það verið að mestu meginstarf mitt. Í byrjun þessa árs var eg ráðinn í nálægt 60 dagsverk í ferðaþjónustunni. Með kórónafaraldrinum sem geisað hefur um heimsbyggðina hafa öll þessi fyrirhuguðu dagsverk mín fram að þessu verið afbókuð. Ef eg ekki nyti eftirlauna þá væri eg nánast tekjulaus þetta árið. En eftirlaunin mín eru rétt til að skrimta af. Hefi eg um kvartmilljón eftir skatta og eiginkonan mín áþekka fjárhæð. Þar sem við erum skuldlaus bæði við guð og menn sem og banka, þá hefur það dugað okkur enda berumst við ekki mikið á. En sjálfsagt þætti mörgum það vera fremur kotungsleg eftirlaun eftir að hafa tekið þátt

Í hugum ótalmargra ferðamanna sem hingað koma bíður einstakt tækifæri að kynnast algjörri þögn náttúrunnar.

í atvinnulífi landsmanna í 40-50 ár. En svona er nú það og stjórnmálamennirnir í stjórnarráðinu sem öllu ráða um hverjum lífsreglum landsmenn eigi að fara eftir, þeir væru líklega ekki sáttir ef þeir þyrftu að bera jafn lítið út býtum eins og venjulegt fólk.

Stjórnvöld mættu taka ákvarðanir til að greiða betur veg ferðaþjónustunnar og starfsmanna hennar. Við sem fengist höfum lengi við leiðsögu eftir lögum og reglum um atvinnuleysisbætur erum gjörsamlega réttlaus nema við höfum haft einhverjar tekjur af starfa okkar næsta hálfa árið. Ferðaþjónustan er einna mest yfir sumartímann og eru þá mestu uppgripin meðal annars með þýskumælandi ferðamenn sem eg hefi sinnt í nær 30 ár.

Í áratugi hafa leiðsögumenn farið fram á löggildingu starfs okkar þar sem engum yrði heimilt að nefna sig leiðsögumann nema með þar tilskilinni menntun og reynslu sem viðkomandi hafi aflað sér. Í dag mega ferðaskrifstofur ráða nánast hvern sem er án nokkurrar menntunar eða reynslu og ráða sem leiðsögumann á sínum vegum.

Einkennileg stefna

Ráðherra ferðamála hefur eytt stórfé til að auglýsa Ísland sem ferðamannaland og þá sérstakan vettvang fyrir þá sem eru orðnir vanstilltir vegna kórónaveirunnar. Er settur upp einhvers konar útbúnaður til þess! Það þykir einkennilegt þegar nægt fé er fyrir hendi í svona lagað en í áratugi hefur skort á nægt fé til að reka aðstöðu fyrir ferðafólk eins og salerni. Hvað kemur ráðherranum til þessa?

Í hugum ótalmargra ferðamanna sem hingað koma bíður einstakt tækifæri að kynnast algjörri þögn náttúrunnar. Eg minnist þess hvernig konan mín upplifði náttúruna á Íslandi en hún kom hingað fyrst fyrir rúmum 40 árum. Eitt sinn vorum við á göngu á Mosfellsheiðinni og mærði hún þögnina sem unnt var að njóta við hvert skref. Fyrstu viðbrögð mín voru að eg skildi hana ekki því það sem við eigum nóg af skynjum við ekki.

Eg held að það sé mjög illa farið með skattfé landsmanna að ráða breska auglýsingastofu til að auglýsa fagra og friðsæla landið okkar sem áfangastað þar sem tækifæri er að haga sér sem vitstola einstaklingur sem veit ekki hvað hann eigi að gera af sér annað en að öskra. Mætti biðja um þögnina en hún er okkur öllum nauðsynleg. Að kunna að þegja er einstakur hæfileiki þegar það á við.

Ráðherra ferðamála þarf að setja sig betur inn í störf okkar leiðsögumanna en ekki vera staðinn að því að sólunda opinberu fé í einhverja vitleysu sem einhverri erlendri auglýsingastofu hefur dottið í hug, kannski meira í gríni en alvöru.

Ritað á 68. afmælisdegi mínum þann 24. júlí 2020.

Meira líf í Mjódd

Kolbrún Baldursdóttir
borgarfulltrúi Flokks fólksins

Göngugatan í Mjódd býður upp á ótal möguleika. Sölubásar hafa verið í göngugötunni sem gert hafa mikið fyrir hana. Hægt væri að blása enn meira lífi í göngugötuna með litlum tilkostnaði. Endrum og sinnum hafa verið þar viðburðir skipulagðir af Reykjavíkurborg en að jafnaði er ekkert við að vera í göngugötunni. Úr göngugötunni er aðkoma í margar verslanir. Yfirbyggð gata eins og göngugatan í Mjódd og litlu torgin við innganga til norðurs og suðurs bjóða upp á ýmis tækifæri. Vel mætti vinna markvisst að því að þetta svæði yrði að helsta kjarna Breiðholtsins. Á borgarráðsfundi í júlí lagði Flokkur fólksins fram þrjár tillögur sem snúa að göngugötunni í Mjódd og umhverfi hennar.

Tillaga um aukið og viðvarandi líf og fjör

Lagt er til að skipulagsyfirvöld Reykjavíkurborgar leggi sitt af mörkum til að efla starfsemi í Mjódd til dæmis með því að glæða göngugötuna þar lífi. Svo virðist sem engin sérstök stefna ríki um svæðið í Mjódd. Með því að glæða götuna lífi mun það auka aðsóknina og breikka hóp viðskiptavina. Takist vel til myndu fleiri fyrirtæki og verslanir vilja vera á svæðinu sem er sérstaklega vel staðsett því aðkoma er góð úr mörgum áttum. Gera ætti göngugötuna í Mjódd að afþreyingarmiðaðri göngugötu og er þá átt við göngugötu sem fólk á öllum aldri heimsækir ýmist til að versla, fá sér kaffi en ekki síst til að upplifa alls kyns viðburði og skemmtun.

Göngugatan í Mjódd hentar mjög vel fyrir þá sem langar að hitta aðra eða sjá skemmtilega hluti. Verslun í bland við veitingasölu, uppákomur, gjörningar og styttri viðburðir svo sem uppistand, stuttir leikþættir, dans-, tónlistar- og söngatriði og fleira í þeim dúr er eitthvað sem laðar að. Til að gera götuna meira aðlaðandi mætti skreyta götuna meira með listaverkum, mála hana með glaðlegum litum, setja upp fleiri lítil leiktæki og aðra afþreyingu sem þarna myndi passa inn.

Markmiðið og tilgangurinn með þessum tillögum er að hvetja borgaryfirvöld til að gefa göngugötunni í Mjódd og umhverfi hennar meiri gaum.

Tillögur um endurgerð bílastæða og að umhverfið verði fært í nútímalegra horf

Til ársloka 2018 var í gangi samningur milli Reykjavíkur og Svæðisfélags vegna göngugötu í Mjódd. Sá samningur er fallinn úr gildi og hefur ekki verið endurnýjaður. Viðræður ganga hægt og endurgerð bílastæðanna á svæðinu er orðið afar brýnt mál. Borgarfulltrúi Flokks fólksins hefur lagt til að gengið verði sem fyrst til samninga aftur með hagsmuni Mjóddar að leiðarljósi. Endurgerð bílastæðanna er grundvöllur þess að hægt sé að tryggja aðgengis- og öryggismál gesta og viðskiptavina sem leggja leið sína í Mjódd.

Flokkur fólksins hefur einnig lagt til að skipulagsyfirvöld horfi til endurnýjunar á svæðinu umhverfis Mjódd og að það verði fært í nútímalegra horf. Endurgera þarf grænu svæðin í kringum Mjódd og snyrta þau. Einnig að hlutast verði til um uppsetningu hjólastæða fyrir rafhjól og hefðbundin hjól, settar verði upp hleðslustöðvar fyrir bíla og því húsnæði sem er í eigu borgarinnar á svæðinu komið í notkun.

Það er mikilvægt að skipulagsyfirvöld hugi jafnt að öllum hverfum borgarinnar og nýti möguleikana sem hver hverfiskjarni hefur upp á að bjóða. Markmiðið og tilgangurinn með þessum tillögum er að hvetja borgaryfirvöld tul að gefa göngugötunni í Mjódd og umhverfi hennar meiri gaum. Það standa til ákveðnar framkvæmdir utandyra í Mjódd sem er af hinu góða en þarna er fjölmargt meira sem kallar á markvissa skipulagningu og endurgerð.

Stólarnir bæta við sig miðherja

KÖRFUBOLTI Karlalið Tindastóls í körfubolta hefur fengið liðsstyrk. Stólarnir hafa samið við Litháann Antanas Udras um að leika með liðinu. Það er staðarmiðillinn Feykir sem greinir frá þessu.

Udras er reyndur leikmaður sem getur bæði leikið sem miðherji og framherji. Hann er 28 ára gamall og hefur lengst af leikið í B-deildinni í heimalandi sínu. Þar varð hann meistari með liðinu Suduva árið 2017.

Undanfarnar tvær leiktíðir hefur Udras spilað með Siauliai, liðinu sem Elvar Már Friðriksson leikur með næsta vetur, en það lið hafnaði í áttunda sæti af tíu liðum í efstu deild á síðustu leiktíð. **– hó**

Boltinn fór allur yfir línuna.

Bournemouth íhugar að leita réttar síns

ENSKI BOLTINN Forráðamenn Bournemouth munu í vikunni ræða hvort félagið fari í skaðabótamál á hendur Hawk-Eye, en það er fyrirtækið sem sér um marklínutæknina í ensku úrvalsdeildinni í knattspyrnu karla.

Bournemouth féll úr úrvalsdeildinni um síðustu helgi, en liðið endaði einu stigi á eftir Aston Villa, sem hafnaði í sætinu fyrir ofan fallsvæði deildarinnar. Rifjuðu menn þá fljótlega upp leik Aston Villa og Sheffield United sem leikinn var fyrir tæpum mánuði síðan.

Örjan Nyland, markvörður Aston Villa, náði þá að grípa boltann, en datt með boltann í höndunum inn í markið. Michael Oliver, dómari leiksins, fékk hins vegar ekki meldingu frá marklínutækninni um að boltinn hefði farið inn fyrir línuna.

Á meðan á leiknum stóð kom hins vegar í ljós að boltinn var inni og forráðamenn Hawk-Eye báðust formlega afsökunar á mistökunum eftir leikinn. Leiknum lauk með markalausu jafntefli, en það stig auk annarra varð til þess að Aston Villa hélt sæti sínu í úrvalsdeildinni. **– hó**

UEFA hefur ekki áhyggjur af smitinu ennþá

FÓTBOLTI Evrópska knattspyrnusambandið, UEFA, ætlar ekki að grípa til aðgerða varðandi seinni leik Real Madrid og Manchester City í 16 liða úrslitum Meistaradeildar Evrópu, þrátt fyrir að smit hafi greinst í leikmannahópi spænska liðsins.

Mariano Diaz greindist með kórónaveiruna í gær, en leikmenn Real Madrid fara í skimun í vikunni. Eftir þá skimun verður ákvörðun tekin um framhaldið. Manchester City hafði betur í fyrri leiknum, 2-1, á Santiago Bernabéu. Seinni leikurinn er á dagskrá á Etihad-leikvanginum föstudaginn 7. ágúst. **– hó**

Philippe Coutinho er á leið frá Barcelona, en Bayern München vill ekki framlengja dvöl hans hjá félaginu. Ekki liggur fyrir hvar hann endar. MYND/GETTY

Hverjir fara hvert í sumar?

Félagaskiptaglugginn í ensku úrvalsdeildinni opnaði á mánudaginn, en liðunum í deildinni verður heimilt að kaupa leikmenn fram í byrjun október.

ENSKI BOLTINN Þegar glugginn lokar hefur verið spilað í deildinni í nokkrar vikur, en keppni hefst þar 12. september næstkomandi.

Félögin eru nú þegar farin að gera sig gildandi á félagaskiptamarkaðnum, en búist er við því að glugginn verði hófstilltur vegna fjárhagslegra áhrifa sem kórónaveirufaraldurinn hefur haft á félögin. Fréttablaðið spáir og spekúlerar hvað sex efstu félögin í deildinni sem lauk um síðustu helgi, muni gera á markaðnum.

Liverpool

Ríkjandi meistarar hafa misst tvo leikmenn í upphafi gluggans, en Dejan Lovren er farinn til Zenit frá Pétursborg og Adam Lallana skellti sér til Brighton. Bent White, sem var á láni hjá Leeds United frá Brighton síðasta vetur, er talinn líklegur til þess að leysa Lovren af hólmi. Brasilíski miðvallarleikmaðurinn Thiago Alcantara sem leikur með Bayern München er sterklega orðaður við Bítlaborgarliðið. Philippe Coutinho ku vilja snúa aftur á Anfield, en spurningin er hvort Jürgen Klopp vilji taka við honum aftur. Þá gæti Todd Cantwell verið fenginn til þess að fylla skarð Adam Lallana í leikmannahópnum.

Manchester City

Glugginn hjá Manchester City breyttist þegar alþjóðaíþróttadómstóllinn sá til þess að þeir fengju að leika í Meistaradeild Evrópu á næstu leiktíð. Pep Guardiola er sagður vilja styrkja varnarlínu sína og eru hans fyrrverandi lærisveinar David Alaba, Nathan Aké og Kalidou Koulibaly orðaðir við liðið. Guardiola ætlar svo að fá Ferren Torres, leikmann Valencia, en hann getur leikið á vængnum, en þar missti Manchester City Leroy Sané, og inni á miðsvæðinu, í stað David Silva, sem er að öllum líkindum á leið til Valencia.

Manchester United

Ole Gunnar Solskjær er kominn með Manchester United í Meistaradeildina á nýjan leik og mun líklega styrkja leikmannahópinn af kostgæfni. James Maddison og Jack Grealish hafa þráfaldlega verið orðaðir við félagið síðustu vikurnar. Svo er það talið nánast bókað að Jadon Sancho, leikmaður Borussia Dortmund, muni ákveða að semja við Rauðu djöflana. Franski varnarmaðurinn Dayot Upamecano, sem leikur með RB Leipzig, er svo orðaður við liðið. Ekki liggur fyrir hvort dvöl nígeríska framherjans Odion Ighalo verði framlengd á Old Trafford, en ef svo verður ekki mun liðið leita sér að nýrri varaskeifu í framherjastöðuna. Joshua King gæti komið til greina hvað það varðar.

Chelsea

Roman Abrahamovic hefur nú þegar opnað veskið, en Hakim Ziyech og Timo Werner koma til Chelsea í sumar. Þar með er framlína Chelsea orðin býsna sterk, en svo eru Chelsea og Bayer Leverkusen í viðræðum um kaup Lundúnaliðsins á framherjanum Kai Havertz. Ben Chillwell, bakvörður Leicester City, gæti fært sig yfir til Chelsea og svo er Nathan Aké mögulega á leið aftur til liðsins sem hann lék með um skeið.

Sancho er á leið til Englands og Man. Utd. er líklegasti áfangastaðurinn.

Aké er orðaður við Chelsea og City.

Maddison gæti farið í annað lið.

Tottenham Hotspur

José Mourinho fær nú sumarið til þess að koma sínu handbragði á liðið. Þýski varnarmaðurinn Matthias Ginter, sem hefur verið kletturinn í vörn Borussia Mönchengladbach, er nefndur til sögunnar til þess að koma í stað Jan Vertonghen. Max Aarons gæti mætt til þess að hressa upp á bakvarðasveitina. Donny van de Beek, miðvallarleikmaður Ajax, er nefndur í slúðurpökkum tengdum Tottenham Hotspur. Að lokum er talið að Harry Kane fái félagsskap í framherjaflórunni og þar er Kósóvinn Vedat Muriqi, sem hefur raðað inn mörkum fyrir Fenerbache í Tyrklandi, líklegur kandídat.

Leicester City

Brendan Rodgers gæti þurft að bregðast við því að missa sína lykilleikmenn og munu kaup hans vera í takti við hvaða leikmenn yfirgefa herbúðir félagsins. Leicester City er eitt þeirra fjölmörgu liða sem Coutinho er orðaður við, en þau viðskipti munu líklega ekki fara fram ef Maddison ákveður að halda kyrru fyrir hjá félaginu. Jamal Lewis mun mögulega bætast við í bakvarðasveit liðsins, William Carvalho gæti komið til þess að bólstra miðsvæðið og Emiliano Buendia, sem lék vel með Norwich City, gæti hresst upp á sóknarleikinn.

hjorvaro@frettabladid.is

FÓLK

Heilsa

MIÐVIKUDAGUR 29. JÚLÍ 2020

Edda Dungal hefur tekið inn Hair Volume í nokkurn tíma eftir að hún missti allt hár í lyfjameðferð. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Aldrei haft jafn þykkt hár

Edda Dungal var staðráðin í að prófa Hair Volume frá New Nordic eftir að hún missti allt hár í lyfjameðferð og árangurinn lét ekki á sér standa. →2

FRÉTTIR, **FÓLK** & **MENNING** á Hringbraut og hringbraut.is

Fylgstu með!

Framhald af forsíðu

Hár þynnist með aldrinum, hjá báðum kynjum og þó svo að skallamyndun sé algengari hjá körlum, getur hún einnig gerst hjá konum og það er fjöldi fólks sem þjáist út af hárlosi og þunnu og líflausu hári. Þættir sem geta valdið hárlosi samkvæmt vísindavef Háskóla Íslands eru:

- Erfðir og aldur
- Hormónabreytingar
- Alvarleg veikindi
- Tilfinningaleg og líkamleg streita
- Slæmir ávanar eins og hártog
- Bruni
- Geislameðferð (krabbamein)
- Lyfjameðferð
- Tinea capitis (sveppasýking)
- Slæm dagleg meðferð á hárinu við litun, þurrkun, umhirðu og fleira

Hef aldrei haft jafn löng augnhár og þykkt hár.

Edda Dungal



Edda Dungal fór að sjá árangur eftir að hafa tekið inn Hair Volume í um það bil fjórar til sex vikur. Hún er mjög ánægð með árangurinn.

Aldrei haft jafn þykkt hár

Edda Dungal hefur tekið inn Hair Volume í nokkurn tíma eftir að hún missti allt hár í lyfjameðferð:

„Þegar ég var í krabbameinsmeðferð missti ég allt hár, bæði á höfði, augnhár og augabrúnir. Þegar lyfjagjöfinni lauk byrjaði ég að taka Hair Volume frá New Nordic, en það tók uum það bil fjórar til sex vikur að sjá hárið byrja að vaxa aftur. Ég hef aldrei haft jafn löng augnhár, þykkar augabrúnir og þykkt hár eins og núna og það hvarflar ekki að mér að hætta að taka þetta inn.“

Líflegra og fallegra hár

Hair Volume bætiefnið getur hjálpað til við að viðhalda þykkt hársins og hárvexti en það inniheldur jurtaþykkni úr eplum sem er ríkt af Proxyanidin B2 og hirsi sem er bæði ríkt af steinefnum og B-vítamínum. Bíótín og sink stuðla að viðhaldi eðlilegs hárs og kopar stuðlar að viðhaldi húð- og hárlitar.

Slepptu þynnkunni með After Party!

Flestir drekka áfengi til að gera sér glaðan dag og hafa gaman. Áfengi hefur þó ýmis áhrif á líkamsstarfsemina og við töpum gjarnan steinefnum þar sem alkóhól hefur þvagræsandi áhrif.

B-vítamínskortur tengist einnig áfengisneyslu því þrátt fyrir að áfengið sé hitaeiningaríkt, er það næringarsnautt.

After Party getur verið einföld lausn gegn timburmönnum, en það inniheldur blöndu sem getur hjálpað til við að vinna á móti vökvatapinu sem á sér stað í líkamanum við áfengisneyslu og dregur þannig úr þreytu og vanlíðan daginn eftir.



- Inniheldur öfluga B-vítamínblöndu og magnesíum.
- Inniheldur rósepli og kaktusextract.
- 2 töflur fyrir eða með fyrsta drykk og 2 töflur fyrir svefn.

Rósepli eru talin geta hjálpað bæði lifur og nýrum við hreinsun (detox) og efni í kaktusþykkninu (opuntia ficus indica) er talið geta dregið úr óþægilegum einkennum þynnku, sem er líklega vegna bólgueyðandi áhrifa þess.

Skemmtu þér án þess að hafa áhyggjur af morgundeginum!

Sölustaðir:
Flest apótek og heilsuhillur verslana

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: Torg ehf
Ábyrgðarmaður: Jóhanna Helga Viðarsdóttir

Umsjónarmenn efnis: **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Hjördís Erna Þorgeirsdóttir** | hjordiserna@frettabladid.is s. 550 5767 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is s. 550 57686 | **Sandra Guðrún Guðmundsdóttir,** sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

Sölumenn: **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 550 5657, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage**, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656,

Opið virka daga frá 9 til 18
laugardaga lokað
Ármúla 31 - Sími 588 7332

i-t.is

INNRÉTTINGAR & TÆKI
- fyrir þitt heimili

Augun mín og augun þín

Augun eru gluggar sálarinnar og uppspretta heilu ljóðabálkanna. En þessir leyndardómsfullu líkamshlutar eru sérlega merkileg fyrirbæri og hér birtast nokkrar áhugaverðar staðreyndir.

Jóhanna María Einarsdóttir
johannamaria@frettabladid.is

Við fæðumst með augu sem eru um 16 millimetrar í þvermál. Um þriggja ára aldur munu þau hafa stækkað upp í um 23 millimetra í þvermál. Og við kynþroska munu augun hafa náð fullri stærð, eða um 24 millimetrum í þvermál. Efnið sem er að finna í augum okkar er eins konar glært gel sem kallast augnhlaup. Ljós ferðast frá augasteini og linsu til augnbotns sem er þakinn sérstökum, ljósnæmum frumum, keilum og stöfum, sem saman nefnast sjónhimna. Þaðan berast upplýsingar frá sjóntaug til heila, þar sem þær eru túlkaðar.

Hvað er þetta 20/20 sem fólk talar um þegar það ræðir um fullkomna sjón? Þessar tölur eiga við 20 fet og merkja í raun að sá sem er verið að prófa sjón hjá, geti séð sömu textalínu á sjónprófi í 20 feta fjarlægð og manneskja með full-

Augun hafa löngum heillað manninn og ekki að ástæðulausu.

komna sjón getur séð í sömu fjarlægð. Þá er maður með fullkomna 20/20 sjón. En sá sem er með 20/40 sjón getur eingöngu séð textalínu á sjónprófi í 20 feta fjarlægð sem einhver með fullkomna sjón getur séð úr 40 feta fjarlægð. Viðmiðin um þá sem eru með fullkomna sjón eru þó ekki þau að um sé að ræða bestu sjónina. Margir ungir einstaklingar geta til dæmis séð minni textalínu á sjónprófi en manneskja sem er með 20/20 sjón. Á Íslandi er talað um 6/6 sjón sem á við sex metra, fremur en 20 fet.

Litur augnanna á uppruna sinn í því hversu mikið melanín litarefni er að finna í lithimnunni. Það er

Augun geta sagt margt um persónuna. MYND/GETTY IMAGES.

þó ekki eini tilgangur melaníns í augunum, því litarefnið er það sem hjálpar okkur að verja augun gegn sólargeislum. Ljós augu eru af þeim völdum mun viðkvæmari fyrir skaðlegum sólargeislum, því þau hafa einfaldlega minna magn af litarefni en dökk augu.

Litur augna þinna getur vel breyst, bæði í samræmi við tilfinningar og birtuskilyrði. Litarefnin í lithimnunni dragast saman og breiða úr sér, eftir því sem augasteinninn stækkar og minnkar. Þetta verður til þess að augun dökkna oft þegar augasteinninn stækkar, þar sem litarefnið í himnunni þéttist, og lýsast sömuleiðis þegar augasteinninn minnkar og litarefnið breiðir úr sér yfir stærra svæði.

Ákveðnar tilfinningar geta orðið til þess að augasteinninn stækkar eða minnkar og geta tilfinningar því haft áhrif á lit augna þinna. Því er harla ólíklegt að augun geti breytt algerlega um lit.

Víða má finna upplýsingar um það hvernig hægt er að þjálfa augun til þess að bæta sjónina og laga nærsýni. Þannig er þó í pottinn búið að við getum ekki lagað sjónina án hjálpar sérfræðinga og ekki er til nein einföld aðferð til þess að laga sjónvandamál. Með góðu og hollu mataræði má þó styðja við sjónina.

Rannsóknir á genamengi fólks með blá augu hafa sýnt fram á að allir bláeygðir eiga sameiginlegan forföður. Uppruni blárra augna er rakinn til genastökkbreytingar sem átti sér stað fyrir um 6.000-10.000 árum.

Smáauglýsingar

550 5055
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki

MERCEDES-BENZ E 400 amg. Árgerð 2014, ekinn 45 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur 7 gírar. Verð 6.980.000. Rnr.212941.

Nýja bílahöllin
Eirhöfða 11, 110 Rvk.
Sími: 567 2277
www.nyja.is



Nýr 2020 Renault Master L2H2. Sjálfskiptur. 150 hestöfl. 2 x hliðarhurð. Kæddur innan. Dráttarkrókur. 923.000 undir listaverði. Okkar verð: 4.990.000,- án vsk.

Sparibíll ehf
Hátún 6A, 105 Reykjavík
Sími: 577 3344
www.sparibill.is

Bílar óskast

VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?
Kaupi bíla 25-350þús
Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og ég hringi til baka

Þjónusta

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsaviðhald

Rúnar múrari
Múrari tekur að sér tröppuviðgerðir sem og allt almennt viðhald fasteigna.
s. 780 2838.

Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?
Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með skömmum fyrirvara.
Proventus starfsmannaþjónusta - proventus.is Sími 551-5000
Netfang proventus@proventus.is

Nudd

NUDD NUDD NUDD
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Atvinna

Atvinna í boði

VÉLVIRKI EÐA VANUR MAÐUR ÓSKAST
Álheimar óskar eftir að ráða vélvirkja, bifvélavirkja eða vanan mann í málmsmíði / vélavinnu. Fjölbreytt framtíðarstarf, góð vinnuaðstaða. Uppl. í s. 869 1122, efnir@efnir.is www.alheimar.is

Keypt & Selt

Til sölu

Húsnæði

Geymsluhúsnæði

WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464
Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

FRÉTTABLAÐIÐ

TÍMAMÓT

29. JÚLÍ 2020 MIÐVIKUDAGUR

Merkisatburðir

1907 Friðrik VIII. Danakonungur kemur í heimsókn til Íslands og ferðast víða um land.

1977 Eftirlýstur þýskur bankaræningi er handtekinn í Reykjavík með 277 þúsund mörk.

1981 Karl Bretaprins og lafði Díana Spencer ganga í það heilaga og athöfnin er sýnd í beinni útsendingu um allan heim.

2011 Stjórnlagaráð afhendir Alþingi formlega frumvarp sitt að nýrri stjórnarskrá.

†

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

Gunnhildur Erla Þórmundsdóttir

Ljósheimum, Selfossi,

lést föstudaginn 24. júlí.
Útförin verður auglýst síðar.

Jakob Skúlason **Jóhanna Hallgrímsdóttir**
Þórmundur Skúlason
Vilberg Skúlason **Guðlaug Skúladóttir**
og fjölskyldur.

†

Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

Regína Pétursdóttir

til heimilis að Skarðshlíð 30b, Akureyri,

lést 14. júlí síðastliðinn á sjúkrahúsinu á Akureyri. Útförin hefur farið fram í kyrrþey, að ósk hinnar látnu.

Bergur Ingólfsson
Rannveig Friðþjófsdóttir
Aðalheiður Sigurjónsdóttir **Ísak Halldórsson**
Magnús Sigurjónsson **Elísabet Hjálmarsdóttir**
Lilja Hrönn Bergsdóttir **Grétar Þorsteinsson**
Sævar Bergsson
Eygló Bergsdóttir **Sigurður Jóhannsson**
ömmubörn og langömmubörn.

†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

Guðrún Hulda Guðmundsdóttir

(Dúnna)

frá Kirkjulæk í Fljótshlíð,

sem lést á Grund, 19. júlí 2020,
verður jarðsungin frá Digraneskirkju, 31. júlí, kl. 13.00.

Sigurbjörg Lundholm **Þórir Ólafsson**
Ísidór Hermannsson **Ingibjörg Júlíusdóttir**
Steinn Lundholm **Erla Elva Möller**
og afkomendur.

†

Við þökkum öllum þeim sem sýndu okkur samúð, vinsemd og hlýju, við fráfall og útför okkar ástkæru eiginkonu, móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Arnheiðar Árnadóttur

Theódór Óskarsson
Guðrún Theodórsdóttir **Kristján Georg Björnsson**
Óskar Theódórsson **Katla Sveinbjörnsdóttir**
Bryndís Theódórsdóttir **Gísli Kristján Birgisson**
Guðni G. og Arna María Kristjánsbörn
Theódór, Arnheiður Rós, Pétur og Pálmi Óskarsbörn
Hildur Sif, Theódóra og Hinrik Hjaltabörn
og barnabarnabörn.

Til að birta andláts-, útfarar- eða þakkartilkynningar í Fréttablaðinu þarf að senda tölvupóst á **timamot@frettabladid.is** eða hringja í síma 550 5055 .

Flækjurof lokar þríleik

Stefán Sturla Sigurjónsson var að senda frá sér nýja spennubók, Flækjurof. Það er síðasta bókin í þríleik sem hófst með Fuglaskoðaranum 2017. Fléttubönd kom á milli.

Það sem mér hefur alltaf þótt heillandi við spennusöguformið er þegar höfundinum tekst að færa hana nær skáldsögunni með sterkri persónusköpun. Ég vil hafa bakgrunn í persónunum sem kemur ekki endilega glæpnum við – eða öðru því sem fjallað er um sem spennuefni. Þetta hef ég verið að kljást við og snýst einkum um eina persónu í bókunum mínum, hann Kára og örlög hans, segir Stefán Sturla Sigurjónsson, rithöfundur og leikari með meiru. Tilefnið er nýútkomin bók hans, Flækjurof. Hún er sú þriðja á fáum árum. Hann vinnur með stóra F-ið í titlunum, því áður komu út Fuglaskoðarinn og Fléttubönd.

Stefán Sturla svarar símanum í sumarblíðu heima hjá sér í Finnlandi, en síðustu þrjú ár hefur hann dvalið hluta ársins á Höfn við uppbyggingu lista-og menningarsviðs hjá framhaldsskólanum þar. Hann upplýsir að sögusvið Flækjurofs sé að einhverju leyti á Hornafirði.

„Ég tek mér skáldaleyfi og nefni enga staði beint en þeir sem þekkja til sjá fyrir sér einhverjar aðstæður sem þeir kannast við," segir hann og heldur áfram. „Flækjurof er ekki beint framhald af fyrri bókunum en viss þráður er spunninn gegnum þær allar, eins og tíðkast í þríleik. Í þessari nýjustu er ég að hnýta þær saman þó þær séu sjálfstæðar. Ég er líka með þrjá staði á landinu sem ég flétta saman í þessari lokaviðureign minni við söguna því hluti hennar gerist í Hornafirði, annar í Reykjavík og sá þriðji við hæsta foss landsins, Glym í Hvalfjarðarbotni. Svo maður gerist svolítið djúpur þá eru þessir staðir ekki valdir „af því bara", heldur hafa þeir merkingu fyrir efnið."

Stefán Sturla kveðst gefa frásögninni ákveðinn ljóðrænan blæ. „Í ljóði er sett saman hugsun sem mótast í fáum orðum í ákveðnum ryþma og gefur lesandanum möguleika á myndrænni upplifun af tilfinningu, viðburði eða sýn á tilveruna. Þess vegna er ljóðið svo sterkt form og skiptir miklu máli fyrir ritlistina yfir höfuð; í Flækjurofum tek ég enn dýpra í árinni til að finna leiðina í ljóðrænu formi frásagnarlistarinnar."

Sjálfur kveðst Stefán Sturla alltaf hafa verið mikið fyrir spennusögur. „Þær eru auðvitað misjafnar en sérstaklega finnst mér þær góðar ef höfundar nálgast formið út frá skáldsögunni, en hafa spennuna eða glæpinn sem eitthvert „twist" að leika sér að. Frekar en það sé öfugt, að spennan sé aðalatriðið en persónurnar litlar aukaverur sem leita lausna á því sem fjallað er um."



Rithöfundurinn Stefán Sturla hugsandi við tölvuna í glímu sinni við söguefnið.

Ég er líka með þrjá staði á landinu sem ég flétta saman í þessari lokaviðureign minni við söguna því hluti hennar gerist í Hornafirði, annar í Reykjavík og sá þriðji við hæsta foss landsins, Glym í Hvalfjarðarbotni.

gun@frettabladid.is

Listahátíð við safn Samúels í Selárdal

Magnús Þór Sigmundsson, Monika Abendroth, Þórarinn Sigurbergsson, Berta Ómarsdóttir, Svanur Vilbergsson, Kómedíuleikhúsið og fleiri góðir gestir koma fram á listahátíð í Selárdal í Arnarfirði um verslunarmannahelgina.

Auk dagskrár í höndum þessa listafólks verður myndlistarsýning í Listasafni Samúels og listasmiðja fyrir fjölskylduna. Einnig verður gönguferð í boði um Selárdal, matur úr héraðinu, kaffi og meðlæti og brennusöngur.

Karina Hanney Marrero sér um jóga á morgnana.

Loks mun Kómedíuleikhúsið flytja leikrit um Samúel og sýnd verður kvikmyndin Steyptir draumar í kirkjunni.

Hátíðarpassi kostar 9000 krónur frá föstudegi til sunnudags. Miðar eru til sölu á tix.is.

– gun

Listasafnið er í þessu tignarlega húsi. Auk þess eru kirkja og íveruhús á staðnum.

AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL

Grímsnes- og Grafningshreppur og Hrunamannahreppur

Deiliskipulagsmál

Samkvæmt 41.gr. Skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar tillögur eftirfarandi deiliskipulagsáætlana og breytinga:

Herjólfsstígur 1 – Aukin mænishæð – Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Ásgarðs
Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 1. júlí 2020 breytingu á skilmálum deiliskipulags frístundabyggðar í landi Ásgarðs er varðar aukna mænishæð. Í breytingunni felst að heimiluð mænishæð sumarhúsa innan svæðisins er aukin úr 5 metrum í 5,9 metra.

Klausturhólar sumarhúsalóðir – Aukin mænishæð – Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Klausturhóla
Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundin sínum þann 20. nóvember 2019 breytingu á skilmálum deiliskipulags frístundabyggðar við A, B og C – götu í landi Klausturhóla í Grímsnes- og Grafningshreppi. Í breytingunni felst að heimiluð mænishæð sumarhúsa innan svæðisins er aukin úr 5 metrum í 6 metra.

Syðra-Langholt 1 og 3 – Deiliskipulag
Sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkti á fundi sínum þann 20. maí 2020 tillögu að deiliskipulagi fyrir Syðra-Langholti 1 og 3. Í skipulaginu felst skilgreining lóðarmarka og byggingarheimilda á svæðinu. Innan skipulagsins er leitast við að koma á framfæri þeirri þróun sem gæti orðið með núverandi byggingu með tilliti til þeirra búsetu sem nú er á jörðinni.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Dalbraut 12, Laugarvatni á skrifstofutíma embættisins. Vegna sumarleyfa er skrifstofan lokuð frá 27. júlí til 7. ágúst. Hægt að nálgast tillögur á vefslóðinni http://www.utu.is . Þá eru gögnin aðgengileg á heimasíðum sveitarfélaganna: https://www.gogg.is og https://www.fludir.is/

Skipulagstillaga og breytingar eru auglýst með athugasemdafrest frá 29. júlí til og með 10. september 2020. Athugasemdir og ábendingar skulu berast eigi síðar en 10. september 2020.

Athugasemdum og ábendingum skal skila skriflega á skrifstofu UTU Dalbraut 12, Laugarvatni eða með tölvupósti á netfangið vigfus@utu.is

Vigfús Þór Hróbjartsson
Skipulagsfulltrúi UTU

DOMUS
Síðan 1922 - glæsileg hönnun og sérstaklega hljóðlátar - alvöru vélar með snertiskjá.
Hafðu samband og fáðu nánari upplýsingar
Þvottahús ● Hótel ● Gistiheimili ● SPA
● Hreingerningarþjónusta ● Snyrtistofur
● Hjúkrunar- og dvalarheimili ● Rannsóknarstofur
● Leikskólar ● Clinics ● Fjölbýlishús ● Hostels ●
Skólar ● Minni iðnaðarfyrirtæki ● Líkamsræktarstöðvar
Allt hjá okkur
5166 #

VERSLUNARTÆKNI
www.verslun.is
geiri
STÓRELDHÚS
Draghálsi 4
110 Reykjavík
sími: 535 1300
verslun@verslun.is





VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

Miðvikudagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
12 °C | 2 →	9 °C | 0 ○	13 °C | 2 ↙
Egilsstaðir	**Kirkjubæjarkl**	**Hveravellir**
15 °C | 0 ○	14 °C | 1 ↑	8 °C | 6 ↗

Breytileg átt, 3-8 í dag, skýjað með köflum og stöku skúrir, einkum síðdegis. Þokubakkar við N- og A-ströndina. Hiti 8 til 18 stig, hlýjast á Suð-Austurlandi, en heldur mildara fyrir norðan.

Fimmtudagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
12 °C | 3 ↖	10 °C | 2 ↗	15 °C | 2 ↙
Egilsstaðir	**Kirkjubæjarkl**	**Hveravellir**
17 °C | 2 ↑	14 °C | 2 ↖	9 °C | 5 ↑

Föstudagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
11 °C | 3 ↓	8 °C | 3 ↙	7 °C | 3 ↙
Egilsstaðir	**Kirkjubæjarkl**	**Hveravellir**
8 °C | 3 ↙	12 °C | 7 ↙	7 °C | 6 ↙

LÉTT

	1	3	9				6	
2			7	4	8		9	1
8		4						2
		6		7				8
5						4		
			2	8	4	9	5	
	5			1		2	4	3
		1	4	5				9
	8		6					

MIÐLUNGS

	2			8			9	5
5			3	9		1		
						7	2	
			4		9		8	
	1		2		5		6	
	4			7	8			1
4		7					1	
	6	3		2	7			
1	8					6		

ÞUNG

				7	4			
8				9			2	
		4				3		9
			7			9	4	
9								2
		7	8	1		5		
7		9	4		2			8
	5			8		4		
4			9		6		3	

Krossgáta

LÁRÉTT
1. eldhúsáhald
5. bergtegund
6. þyrping
8. hætta
10. titill
11. ráðaleysi
12. spil
13. einkar
15. miður morgunn
17. dok

LÓÐRÉTT
1. stuttar
2. vegsama
3. stafur
4. skjólur
7. í allt
9. fyrirhuga
12. varp
14. ögn
16. utan



LÁRÉTT: 1. sleif, 5. kol, 6. ós, 8. aflata, 10. ma, 11. fum, 12. kort, 13. afar, 15. rismál, 17. stans.
LÓÐRÉTT: 1. skammar, 2. lofa, 3. ell, 4. fótur, 7. samtals, 9. áform, 12. kast, 14. fis, 16. án.

Skák

Gunnar Björnsson.

Winz átti leik Videla í Mendoza árið 1955.

1. Bxc7+! Bxc7 2. De8+! Kxe8 3. Hb8 Hc8 4. Hxc8# 1-0.
Undankeppni Skákgoðsagna á Chess24 lýkur í dag.

www.skak.is: Skákgoðsagnir á Chess24.

Hvítur á leik

3	4	8	1	5	7	2	6	9
7	6	9	4	2	8	5	1	3
1	2	5	6	3	9	4	7	8
2	3	6	5	4	1	8	9	7
8	5	7	2	9	3	6	4	1
9	1	4	7	8	6	3	2	5
4	9	2	3	1	5	7	8	6
6	8	3	9	7	2	1	5	4
5	7	1	8	6	4	9	3	2

3	5	1	4	6	7	2	9	8
2	6	7	5	9	8	4	1	3
8	9	4	1	2	3	5	6	7
4	8	3	6	5	9	7	2	1
5	7	6	2	3	1	9	8	4
9	1	2	7	8	4	6	3	5
6	4	9	3	1	5	8	7	2
7	3	8	9	4	2	1	5	6
1	2	5	8	7	6	3	4	9

4	1	2	8	6	5	9	7	3
5	8	9	7	1	3	2	4	6
6	3	7	4	9	2	8	1	5
9	4	6	2	5	7	1	3	8
2	7	8	9	3	1	6	5	4
1	5	3	6	8	4	7	9	2
7	9	4	5	2	8	3	6	1
3	2	5	1	7	6	4	8	9
8	6	1	3	4	9	5	2	7

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Pondus

Eftir Frode Øverli

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

VILTU VINNA

ÞRÁÐLAUS HEYRNARTÓL?

PÓSTAÐU MYND AF ÞÍNU BROSI Á INSTAGRAM OG MERKTU MEÐ MYLLUMERKINU

#EXTRABROS

EXTRABROS.IS

Lilja Sigurðardóttir.

Gott gengi glæpasagnahöfunda

Svissneska stórblaðið Le Temps birti nýlega lista sinn yfir 30 bestu evrópsku glæpasögurnar sem komið hafa út á frönsku síðastliðin 40 ár. Bækur tveggja íslenskra glæpasagnahöfunda eru á listanum: Mýrin eftir Arnald Indriðason, í þýðingu Eric Boury, og Búrið eftir Lilju Sigurðardóttur, í þýðingu Jean-Christophe Salaün. Meðal annarra höfunda eru Ruth Rendell, Colin Dexter, Fred Vargas, Jo Nesbø, Pierre Lemaitre, Henning Mankell og Stieg Larsson.

Íslenskir glæpasagnahöfundar eru að gera það gott erlendis, en Dimma og Drungi eftir Ragnar Jónasson, voru fyrir skömmu önnur og fjórða mest selda kilja vikunnar í Þýskalandi, samkvæmt metsölulista Der Spiegel, en hann mælir sölu á yfir 4.200 útsölustöðum í Þýskalandi. Á dögunum náði Dimma einnig öðru sæti listans og hafði íslensk skáldsaga þá ekki setið í því sæti í fimmtán ár. Íslenskur höfundur hefur aldrei átt tvær bækur á sama tíma svo ofarlega á lista Spiegel.

Ragnar Jónasson.

Dreggjar í Spönginni

Ásta Vilhelmína Guðmundsdóttir og Soffía Sæmundsdóttir sýna textílverk, málverk og teikningar á sýningunni Dreggjar II í Borgarbókasafninu Spönginni. Sýningin stendur til 28. ágúst. Sýningin er afrakstur mánaðardvalar listakvennanna tveggja á gestavinnustofu í Düsseldorf í Þýskalandi í fyrra.

Ásta Vilhelmína Guðmundsdóttir er listakona og hönnuður. Verk hennar, jafnt í hönnun sem listsköpun, eru gjarnan undir áhrifum frá veðráttu og náttúru. Soffía Sæmundsdóttir hefur verið virk á myndlistarvettvangi undanfarinn áratug. Soffía er einkum kunn af málverkum sínum, en vinnur einnig teikningar og grafík og sækir innblástur í náttúru og landslag og veltir fyrir sér sambandi manneskjunnar við það.

Verk eftir Ástu á sýningunni.

Bjarki Bragason, Ragnheiður Ragnarsdóttir og Birkir Karlsson við verk Ragnheiðar. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Sýning með nýjum aðföngum

Átta listamenn eiga verk á sýningu í Nýlistasafninu. Verkin eru öll úr safneigninni og unnin í alls kyns miðla. Elstu verkin eru frá sjöunda áratug síðustu aldar.

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Ný aðföng er yfirskrift sýningar í Nýlistasafninu. Þar má sjá úrval verka sem gefin hafa verið í safneign síðustu þrjú ár. Elstu verkin á sýningunni eru frá sjöunda áratug síðustu aldar og þau nýjustu eru aðeins nokkurra ára gömul. Verkin eru unnin í ýmsa miðla, þarna eru textílverk, skúlptúrar, ljósmyndir og innsetningar. Sýningin stendur til 9. ágúst.

„Á hverju ári fær safnið milli 10-30 gjafir, flest eru það bókverk. Nýlega fengum við mikið af glæsilegum verkum, þannig að það lá beint við að gera sýningu með nýjum aðföngum," segir Birkir Karlsson, sem hefur umsjón með safneigninni.

Mismæli dætra

Ragnheiður Ragnarsdóttir sýnir verkið Fréttir og tilfinningar, sem er hluti af innsetningu sem hún sýndi árið 1994 í Nýlistasafninu á Vatnsstíg. „Yfirskrift þeirrar sýningar, Fréttir og tilfinningar, spratt upp úr mismælum ungra dætra minna sem voru í útvarpsleik," segir hún. „Verkið samanstendur af nokkrum einingum. Ég tók eldhúsborðið mitt og búsáhöld og vafði þetta allt inn í dagblaðapappír með mismunandi stóru letri og myndum. Þar með var hlutverki þessara hluta lokið í eldhúsinu. Ég vafði einnig einstaka eldhúsmuni með dagblaðapappír þar sem búið var að má út allt letrið. Hugmyndin á bak við verkið er hið daglega hversdagslega áreiti."

Ragnheiður gaf safninu þessi verk fyrir tveimur árum. „Ég er mjög hrifin af því hvernig Nýlistasafnið stendur að þessu, í staðinn fyrir að verkunum sé hent inn í geymslu og enginn viti af þeim, þótt þau séu skráð, þá eru þau sett á sýningu. Mér finnst líka athyglisvert að það eru sjö konur sem hér eiga verk, en einungis einn karl."

Ljósmyndir eftir Bjarka af teppum Gísla á Uppsölum.

Eldhúsáhöld eftir Ragnheiði, vafin inn í dagblaðapappír.

Teppi Gísla á Uppsölum

Bjarki Bragason er eini karlmaðurinn sem á verk á sýningunni, en þau nefnast Ef til vill í því sem hann. „Þetta eru ljósmyndaskúlptúrar, á myndinni birtist rúmteppi og tveimur ljósmyndanna er haldið uppi af stultum. Rúmteppið er úr safneign Minjasafnsins á Hnjóti í Patreksfirði. Þetta er teppi sem Gísli á Uppsölum prjónaði fyrir sjálfan sig og var í hans búi þegar heimili hans var tekið í sundur að honum látnum og hlutir þaðan dreifðust inn í ýmsar safneignir og inn á heimili einstaklinga," segir Bjarki.

„Ég gerði verkið árið 2013 á Patreksfirði. Ég hef lengi verið áhugasamur um sögur af lífshlaupi sem stendur að einhverju leyti utan við meginstrauma samfélagsins, og hvernig persónulegt líf einstaklinga er birtingarmynd fyrir stærri þróun í samfélögum og menningunni.

Ég fór með þetta teppi Gísla til Reykjavíkur til að ljósmynda það báðum megin. Þegar við tókum teppið upp og brutum saman þá sáum við rykprent af teppinu á bakgrunninum. Þá tók ég aðra ljósmynd, sem er hvít með ryki úr þessu teppi. Verkin eru þannig leið til þess að búa til ákveðin sjónarhorn á hverfulleika lífsins og allra hluta."

> NÝLEGA FENGUM VIÐ MIKIÐ AF GLÆSILEGUM VERKUM, ÞANNIG AÐ ÞAÐ LÁ BEINT VIÐ AÐ GERA SÝNINGU MEÐ NÝJUM AÐFÖNGUM.

Listamennirnir

- Bjarki Bragason
- Claudia Hausfeld
- G. Erla
- Hildur Hákonardóttir
- Jóna Hlíf Halldórsdóttir
- Kolbrún Ýr Einarsdóttir
- Ragnheiður Ragnarsdóttir
- Rúna Þorkelsdóttir

Fimmtudaginn 30. júlí verður í Nýlistasafninu listamannaspjall við nokkra af listamönnunum. Spjallið hefst klukkan 19.00 en að því loknu verður útgáfuhóf í tilefni af nýju bókverki eftir Fritz Hendrik IV. Opið er til 22.00.

Ég vildi gera eitthvað aðeins öðruvísi en vinir mínir

Jónas Ásgeir Ásgeirsson flytur fyrsta íslenska harmónikukonsertinn sem saminn er fyrir Íslending. Hljóðritar konsertinn. Fann óþekkt verk eftir Atla Heimi og Þorkel Sigurbjörnsson.

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Jónas er að leggja upp í tónleikaferð um landið með kammersveitinni Elju og mun svo hljóðrita nýja harmónikukonsertinn. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Harmónikuleikarinn Jónas Ásgeir Ásgeirsson mun flytja fyrsta íslenska harmónikukonsertinn sem saminn er fyrir Íslending á tónleikum kammersveitarinnar Elju. Jónas er, ásamt Elju, að leggja upp í tónleikaferðalag um landið og lokatónleikarnir verða í Háteigskirkju, 7. ágúst. Harmónikukonsertinn sem frumfluttur verður á tónleikaferðalaginu er eftir Finn Karlsson.

„Þetta er þriðji íslenski harmónikukonsertinn og sá fyrsti sem er saminn fyrir Íslending. Fyrsta harmónikukonsertinn samdi Þuríður Jónsdóttir fyrir Norðmanninn Geir Draugsvoll, sem flutti hann á Myrkum músíkdögum árið 2005. Núna í janúar var síðan frumfluttur, einnig á Myrkum músíkdögum, konsert eftir Huga Guðmundsson og Daninn Andreas Borregaard frumflutti hann," segir Jónas.

Harmónikan blómstrar

Spurður af hverju svo lítið hafi verið samið af harmónikukonsertum hér á landi segir Jónas: „Það hefur skort klassískt menntaða íslenska harmónikuleikara til að fylla upp í þetta skarð í tónsmíðasögunni. Það sama gildir um krefjandi einleiksverk. Það hefur þó ýmislegt annað verið samið fyrir harmóníku, minni kammerverk og því um líkt.

Harmónikan er tiltölulega nýtt klassískt fyrirbæri, við getum talað um 60 ár á heimsvísu og hér á Íslandi eru árin enn færri. Á síðustu tveimur áratugum hefur hún jafnt og þétt verið tekin í sátt og er farin að blómstra."

> HARMÓNÍKAN ER TILTÖLULEGA NÝTT KLASSÍSKT FYRIRBÆRI, VIÐ GETUM TALAÐ UM 60 ÁR Á HEIMSVÍSU OG HÉR Á ÍSLANDI ERU ÁRIN ENN FÆRRI.

Hljóðritar konsertinn

Um harmónikukonsert Finns segir Jónas: „Finnur er einstaklega laginn við að semja fyrir hljóðfæraleikara og skrifar mjög skýrt. Hann tekur efnivið alls staðar frá, eins og laglínur sem kitla nostalgíutaugarnar í honum og setur þær í allt annað samhengi. Hann veit nákvæmlega hvað hann vill".

Jónas mun hljóðrita harmónikukonsertinn í Reykjavík með Elju, fyrir geisladisk. Auk þess verða á disknum verk eftir Atla Ingólfsson og nýtt einleiksverk eftir Þuríði Jónsdóttur, ásamt áður óuppgötvuðum verkum eftir Atla Heimi Sveinsson og Þorkel Sigurbjörnsson. Um verk Atla og Þorkels segir Jónas: „Þetta eru verk sem engar heimildir finnast um í opinberum skjölum. Verk Þorkels eru tvö, annað fyrir tvær harmónikur og slagverk og hitt fyrir rafmagnsgítar, harmóníku og slagverk. Engar heimildir eru til um að verkin hafi verið flutt. Svo er eitt verk eftir Atla Heimi, samið fyrir harmóníku og sópran, sem engar heimildir finnast um. Ég uppgötvaði þessi verk þegar þau komu nýlega inn á Tónverkamiðstöðina. Það er spennandi fyrir mig að flytja þessi verk frá stólpum íslenskrar tónlistarsögu."

Vildi gera eitthvað öðruvísi

Jónas byrjaði ungur að læra á harmóníku. „Það var vegna þess að ég vildi gera eitthvað aðeins öðruvísi en vinir mínir sem lærðu á til dæmis fiðlu og píanó. Þáverandi kennari minn, Guðmundur Samúelsson, var og er mjög áhugasamur um að koma harmónikunni á framfæri sem klassísku hljóðfæri og smitaði mig af því," segir Jónas

Jónas var að ljúka mastersnámi í Kaupmannahöfn og vinnur nú í framhaldsgráðu í samspili þar, ásamt tveimur öðrum Íslendingum, Jóni Þorsteini Reynissyni og Helgu Kristbjörgu Guðmundsdóttur, en öll spila þau á harmóníku."

Eftir regnið

Föstudaginn 31. júlí kl. 14.00 - 17.00 opnar Sigtryggur Bjarni Baldvinsson sýningu í Kompunni, Alþýðuhúsinu á Siglufirði, sem ber yfirskriftina „Eftir regnið – 14. ágúst 2019". Sýningin er opin daglega frá kl. 14.00 - 17.00 þegar skilti er úti, og stendur til 16. ágúst.

Sigtryggur Bjarni Baldvinsson er fæddur á Akureyri árið 1966. Hann stundaði nám í Myndlistaskólanum á Akureyri, Myndlista- og handíðaskóla Íslands og lauk framhaldsnámi frá École des Arts Decoratifs í Strassborg í Frakklandi.

Mynd á sýningunni.

LÆGSTA VERÐIÐ Í ÖLLUM LANDS-HLUTUM

Orkan býður lítrann á lægsta verðinu í öllum landshlutum – án allra skilyrða.

ORKAN

DAGSKRÁ

Miðvikudagur

HRINGBRAUT

20.00 Undir yfirborðið Ásdís Olsen fjallar hispurslaust um mennskuna, tilgang lífsins og leitina að hamingjunni og varpar ljósi á allt sem er falið og fordæmt.
20.30 Við árbakkann Gunnar Bender leiðir áhorfendur að árbakkanum, og sýnir þeim allt sem við kemur veiði.
21.00 Fjallaskálar Íslands Þátturinn fjallar um landnám Íslendinga upp til fjalla og inni í óbyggðum.
21.30 Saga og samfélag Málefni líðandi stundar verða rædd í sögulegu samhengi og vikið að nýjustu rannsóknum fræðimanna á margvíslegum sviðum.

RÚV SJÓNVARP

12.50 Heimaleikfimi
13.00 Spaugstofan 2003-2004
13.25 Basl er búskapur
13.55 Steinsteypuöldin
14.25 Út og suður Guðfinnur og Atie í Skaftholti
14.50 Gettu betur 2008 Borgarholtsskóli - Menntaskólinn í Reykjavík
15.04 Úr Gullkistu RÚV: Þú ert hér Einar Örn Benediktsson
16.05 Veiðikofinn - Lax
16.30 Poppkorn 1987
17.15 Ólympíukvöld ÓL 1896-1948
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Letibjörn og læmingjarnir
18.07 Kúlugúbbarnir
18.30 Hæ Sámur
18.37 Rán og Sævar
18.48 Minnsti maður í heimi
18.54 Vikinglotto
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.35 Sumarlandinn Stutt umfjöllun Sumarlandans sem verður á flakki í sumar og hittir landann fyrir uppi á fjöllum, úti í garði, á tjaldsvæðinu, vinnustaðnum, hjólastígnum og víðar.
19.40 Ólympíukvöld ÓL 1988
20.15 Tobias og sætabrauðið Bag Verden - med Tobias Danskir ferða- og matreiðsluþættir. Sætabrauðsdrengurinn og ferðalangurinn Tobias Hamann-Pedersen leggur land undir fót og kynnist bakstri og lífi í Austurríki, Bólivíu, Texas og víðar.
21.00 Versalir Versailles
22.00 Tíufréttir
22.15 Veður
22.20 Martina hefur séð allar myndirnar mínar Martina har sett alla mina filmer Áhrifamikil og hjartahlý sænsk heimildarmynd um lífshlaup Martinu sem fæddist með Downs-heilkenni. Tom Alandh, kvikmyndatökumaður og vinur Martinu, fylgir henni eftir með myndavélina í 45 ár og skrásetur lífshlaup hennar, sorgir, sigra og baráttuna fyrir samfélagslegri þátttöku.
23.20 Draumahúsið
00.00 Dagskrárlok

GOLFSTÖÐIN

09.00 PGA Tour 2020 Útsending frá 3M Open .
14.00 PGA Highlights 2020
14.55 European Tour 2020 Útsending frá Betfred British Masters .
19.25 European Tour 2020 Útsending frá Betfred British Masters.

SJÓNVARP SÍMANS

06.00 Síminn + Spotify
11.30 Dr. Phil
12.15 The Late Late Show
13.00 The Bachelor
14.25 The Unicorn
14.50 The Block
16.15 Survivor
16.50 The King of Queens
17.10 Everybody Loves Raymond
17.35 Dr. Phil
18.20 The Late Late Show
19.05 The Good Place
19.30 Will and Grace
20.00 The Block
21.00 New Amsterdam Læknadrama sem gerist á elsta ríkisspítalanum í New York. Nýr yfirlæknir hikar ekki við að brjóta reglur til að bæta þjónustuna við sjúklinga.
21.50 Girlfriend's Guide to Divorce
22.35 Beyond
23.20 The Late Late Show
00.05 Love Island
01.00 Hawaii Five-0
01.45 Get Shorty
02.40 Mr. Robot
03.25 Agents of S.H.I.E.L.D.
04.10 Síminn + Spotify

RÚV RÁS EITT

06.45 Morgunbæn og orð dagsins
06.50 Morgunvaktin
07.00 Fréttir
07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir
08.30 Fréttayfirlit
09.00 Fréttir
09.05 Segðu mér með Viktoríu Hermannsdóttur Jóhann Gunnar Arnarsson
09.45 Morgunleikfimi
10.00 Fréttir
10.03 Veðurfregnir
10.13 Á reki með KK
11.00 Fréttir
11.03 Sumarmál. Fyrri hluti
12.00 Fréttir
12.02 Hádegisútvarp
12.20 Hádegisfréttir
12.40 Veðurfregnir
12.50 Dánarfregnir
12.55 Sumarmál. Seinni hluti
14.00 Fréttir
14.03 Söngkonan í svarta kjólnum Engel Lund
15.00 Fréttir
15.03 Samtal
16.00 Síðdegisfréttir
16.05 Tengivagninn
17.00 Fréttir
18.00 Kvöldfréttir
18.10 Brot úr Morgunvaktinni
18.30 Útvarp KrakkaRÚV Menningarheimurinn - Fjölskyldur
18.50 Veðurfregnir
18.53 Dánarfregnir
19.00 Sumartónleikar Pírenea-forntónlistarhátíðin í Katalóníu
20.30 Á reki með KK
21.30 Kvöldsagan. Sjálfstætt fólk (6 af 49)
22.00 Fréttir
22.05 Veðurfregnir
22.10 Sumarmál. Fyrri hluti
23.05 Sumarmál. Seinni hluti
00.00 Fréttir
00.05 Næturútvarp Rásar 1

STÖÐ 2 BÍÓ

12.05 Destined to Ride
13.30 Peter og Petra
14.45 The Circle
16.30 Destined to Ride
18.00 Peter og Petra
19.10 The Circle
21.00 Happytime Murders
22.25 Power Rangers
00.30 The Duel
02.15 Happytime Murders

STÖÐ 2

08.00 Heimsókn
08.15 Grey's Anatomy
09.05 Bold and the Beautiful
09.25 Gilmore Girls
10.05 Jamie & Jimmy's Food Fight Club
10.55 Masterchef USA
11.35 Brother vs. Brother
12.35 Nágrannar
12.55 Fresh off the Boat
13.15 Bomban
14.05 GYM
14.30 Grand Designs. Australia
15.20 Gullli Byggir
15.55 Flúr & fólk
16.20 All Rise
17.00 Friends
17.25 Bold and the Beautiful
17.45 Nágrannar
18.26 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.48 Sportpakkinn
18.55 Víkinglottó
19.00 Þær tvær
19.20 First Dates
20.10 Drew's Honeymoon House
21.00 The Bold Type
21.40 Absentia
22.30 Cherish the Day
23.10 Sex and the City
23.40 NCIS. New Orleans
00.20 Veronica Mars
01.15 Veronica Mars
02.00 Veronica Mars
02.50 Veronica Mars
03.45 Ballers
04.15 Ballers

STÖÐ 2 FJÖLSKYLDA

08.00 Barnaefni
20.00 Friends
20.20 Friends
20.40 The Big Bang Theory
21.05 Krypton
21.45 Watchmen
22.40 Random Acts of Flyness
23.20 Góðir landsmenn
23.55 Friends
00.15 Friends
00.35 The Big Bang Theory

STÖÐ 2 SPORT

08.30 ÍBV - Selfoss Útsending frá leik í Pepsi Max-deild kvenna.
10.10 9. umferð
11.25 Haukar - Tindastóll Útsending frá leik í Lengjudeild kvenna
13.05 Fram - Þór Útsending frá leik í Lengjudeild karla.
14.50 Breiðablik - Valur Útsending frá leik í Pepsi Max-deild kvenna.
16.35 Þór/KA - Fylkir Útsending frá leik í Pepsi Max-deild kvenna.
18.20 Pepsi Max Tilþrifin
19.10 Fylkir - Breiðablik Bein útsending frá leik í Pepsi Max-deild kvenna.
21.15 Breiðablik - ÍA Útsending frá leik í Pepsi Max-deild karla.
22.55 9. umferð
00.10 Steve Dagskrá

STÖÐ 2 SPORT 2

09.10 Haukar - Tindastóll Útsending frá leik í Lengjudeild kvenna
10.50 Kopparbergs/Göteborg - Djurgårdens
12.35 Djurgårdens - Kristianstads
14.15 Parma - Atalanta
15.55 Inter Milan - Napoli
17.35 Ítölsku mörkin
18.35 Brentford - Swansea Bein útsending frá umspilsleik í ensku 1. deildinni.
20.40 Genoa - Inter Milan
22.20 AC Milan - Atalanta

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó
FM 89,5 Retro
FM 90,1 Rás 2
FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957
FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan
FM 97,7 X-ið
FM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útvarp Saga
FM 100,5 K100
FM 102,9 Lindin

Fjölbreytt úrval gæða heimilisvara

áreiðanleg & þekkt vörumerki, fyrir heimilin í landinu

SKOÐAÐU ÚRVALIÐ HJÁ UMBOÐSMÖNNUM ORMSSON UM LAND ALLT...

...EÐA Í VEFVERSLUN ORMSSON.IS

ÞAR ER ALLTAF OPIÐ!

ormsson

Opnunartímar
Virka daga kl. 10-18
Lokað um helgar

ORMSSON
LÁGMÚLA 8 - 530 2800

Skoðaðu úrvalið okkar á ORMSSON.IS

*SENDUM UM LAND ALLT

ORMSSON ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751	KS SAUÐÁRKRÓKI SÍMI 455 4500	SR BYGG SIGLUFIRÐI SÍMI 467 1559	ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000	PENNINN HÚSAVÍK SÍMI 464 1515	ORMSSON PAN-NESKAUPSSTAÐ SÍMI 477 1900	ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160	GEISLI VESTMANNAEYJUM SÍMI 481 3333	TÆKNIBORG BORGARNESI SÍMI 422 2211	OMNIS AKRANESI SÍMI 433 0300

Belti yfir jakkann

Jakkar í yfirstærð hafa verið vinsælir um nokkurt skeið. Helstu tískumiðlar spá því að í haust verði heitasta trendið að vera með flott belti yfir jakkann. Þar með nýtast stóru jakkarnir áfram, en hafa þá kvenlegra yfirbragð.

Núna í haust er því spáð af helstu tískumiðlum erlendis að vinsælt verði að nota belti yfir jakka. Þannig gefst manni færi á að gefa útlitinu annað form, en undanfarið hafa víðir jakkar verið mjög vinsælir.

Belti frá þekktum tískumerkjum koma mjög vel út yfir jakka og var það trend nokkuð áberandi hjá helstu tískudrottningunum síðasta árið. Bæði er hægt að nota belti í svipuðum tón og sjálfur jakkinn, eða velja eitthvað litríkt belti til að gera heildarútlitið skemmtilegra. Það er um að gera að prófa sig áfram með ólík belti og leyfa öxlunum að vera áberandi breiðum, en taka á móti jakkann saman í mittinu.

steingerdur@frettabladid.is

Beltið er í sama tón og samfestingurinn undir jakkanum, en það kemur mjög vel út.

MYNDIR/GETTY

Füsun Lindner glæsileg í alklæðnaði og með belti frá Dior á tískuvikunni í París.

Þunnt belti getur líka komið vel út eins og sést hérna á Gitta Banko. Beltið er frá Bottega Veneta.

Klassískur svartur jakki með Gucci-belti. Það er flott að vera í hjólabuxum við þó íslensk veðrátta leyfi það eflaust ekki í haust.

Tamara Kalinic með Valentino-belti á tískuvikunni í París.

Gestur á tískuvikunni í París með Dior-belti og tösku. Beltið kemur einstaklega vel út yfir flottan jakka í yfirstærð.

Anna Rosa Vitiello sést hér með belti frá Chanel og frábæra tösku í stíl.

Keðjubelti geta líka komið einstaklega flott út yfir klassískan dragtarjakka.

Gott dæmi um hvernig beltið getur gefið heildarútlitinu skemmtilegra yfirbragð.

LÆGRA VERÐ
Á HEIMILISVÖRUM

MYLLAN HEIMILISBRAUÐ 770G
439
KR/STK
570 KR/KG

BARILLA SPAGHETTI 1 KG
279
KR/STK
279 KR/KG

SMJÖRVI 400G
577
KR/STK
1443 KR/KG

FLORIDANA APPELSÍNU EÐA EPLASAFI 1L
179
KR/STK
179 KR/L

GÓÐOSTUR SNEIÐAR 26% 330 G
795
KR/STK
2409 KR/KG

GEVALIA KAFFI 500 G
659
KR/STK
1318 KR/KG

STJÖRNU-EGG STÓR 816 G
579
KR/STK
710 KR/KG

MS LÉTTMJÓLK D-VÍTAMÍNBÆTT 1 L
195
KR/STK
195 KR/L

netgíró

10-11: Austurstræti 17 • Laugavegur 116 • Aðalstræti 6-8

LUMAR ÞÚ Á STÓRFRÉTT?

Sendu okkur þá fréttaskot í gegnum frettabladid.is.

Þú finnur hlekkinn undir blaði dagsins og á slóðinni www.frettabladid.is/frettaskot.

Greiðum **5.000 kr.** fyrir fréttina ef hún birtist í Fréttablaðinu og **10.000 kr.** ef hún birtist á forsíðu blaðsins!



FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ LANDSINS

Annalísa fór með veigamikið hlutverk í sjónvarpsþáttunum Pressa þegar hún var yngri. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Loksins að lenda eftir afkastamikið sumar

Tónlistarkonan **Annalísa** gaf í gær út sína fyrstu smáskífu, en á henni eru sex frumsamin lög. Hún segir það dýrmætt að hafa fengið færi á að vinna plötuna í Listhópum Hins Hússins í sumar.

Tónlistarkonan og sviðslistaneminn Annalísa Hermannsdóttir gaf út sína fyrstu smáskífu í gær, en hún ber heitið 00:01 og inniheldur sex lög. Annalísa gaf út tónlist í fyrsta sinn í fyrra.

„Það voru tvö samhangandi lög: Ekki lengur og Skuggamyndir. Svo gaf ég út hálfgerða ábreiðu af Bláu augun þín eftir Gunna Þórðar og Ólaf Gauk fyrr á þessu ári. Ég er búin að vera að læra djass-söng í FÍH síðan haustið 2017 hjá einstaklega góðum kennurum," segir Annalísa.

Annalísa er einnig meðlimur í hljómsveitinni K.óla, en þær hafa verið duglegar að koma fram tvö síðustu árin, þann tíma sem sveitin hefur verið starfandi.

„Í upphafi sumars var svo markmið mitt að gefa sjálfri mér meiri tíma til þess að vinna í tónlist. Vegna námsins míns á sviðshöfundabraut í LHÍ hef ég aldrei haft nógu mikinn tíma til þess að dýfa mér algjörlega í tónlistina, svo mér fannst upplagt að nýta sumarið í það. Ég sótti um hjá Listhópum Hins Hússins í hálfgerðum flýti, þegar ég sá að það hefði komið aukafjárveiting vegna heimsfaraldursins," segir Annalísa, sem myndi helst lýsa tónlist sinni sem draumkenndu rafpoppi.

Ótrúlegt að líta til baka

Hún segist í fyrstu ekki hafa haft mikla trú á því að vera valin í hópinn.

„Þegar í ljós kom að ég hafði verið valin var bara ekkert annað í stöðunni en að gera heila EP-plötu. Ég var búin að semja öll lögin sem áttu að vera á plötunni áður en sumarið hófst, svo ég varði sumrinu uppi í Stúdíó Sýrlandi að taka upp og pródúsera ásamt Gesti Sveinssyni sem var með mér í þessu. En mér finnst í raun ótrúlegt að líta til baka núna á alla vinnuna sem ég kom í verk í sumar án þess að fatta það. Ég held að ég hafi í rauninni farið svolítið á undan mér. Mér líður eins og í allt sumar hafi ég bara verið að keyra áfram, eða kannski frekar fljúga, og núna er ég að lenda," segir Annalísa.

> **„ÉG SAMDI MITT FYRSTA LAG ÞEGAR ÉG VAR FJÖGURRA ÁRA. ÞAÐ VAR VIÐ BÆNINA VERTU NÚ YFIR OG ALLT UM KRING.**

Dýrmætt tækifæri

Hún segist í raun ekki hafa áttað sig á þeirri miklu vinnu sem hafi farið í gerð plötunnar, fyrr en hún setti hana á Spotify.

„Það hefur verið á planinu hjá mér í einhvern tíma að gefa út plötu en ég var aldrei viss hvenær. Það var mjög dýrmætt að fá tækifæri og vettvang til þess að fá að þróa plötuna hjá Listhópum Hins Hússins," segir hún.

Nafn plötunnar er líka nokkuð sérstakt, 00:01.

„Nafnið á plötunni sprettur upp frá því að öll lögin á henni eiga það sameiginlegt að tengjast nóttinni. Ef hlustað er á plötuna alla í réttri röð heyrir maður ákveðna sögu sem gerist yfir eina nótt. Svo getur 00:01 líka táknað að þetta er fyrsta platan mín," segir hún.

Alltaf verið músíkölsk

Annalísa segist allt frá barnsaldri hafa verið mikið í kringum tónlist.

„Ég samdi mitt fyrsta lag þegar ég var fjögurra ára. Það var við bænina Vertu nú yfir og allt um kring. Ég byrjaði svo í Sönglist þegar ég var átta ára og var þar í fimm ár, þangað til ég þurfti að hætta vegna þess að ég var að leika í Pressu. Ég lærði einnig á klassískt píanó í nokkur ár þegar ég var lítil," segir Annalísa.

Hún fór með veigamikið hlutverk í sjónvarpsþáttunum Pressu á sínum tíma.

„Eftir að ég byrjaði í Sönglist kviknaði meiri áhugi á leiklist þar og þegar ég var 10 ára var ég fengin til þess að koma í prufur fyrir hlutverk í Pressu, sem ég svo fékk. Ég lék í þremur seríum af Pressu og hlutverk mitt stækkaði með hverri seríunni. Eftir það hef ég leikið í ýmsu fleiru, bíómyndunum Vonarstræti og Bergmáli," segir hún.

Næst á dagskrá hjá Önnulísu eru sveitatónleikar um verslunarmannahelgina.

„Þar mun ég spila nokkur lög. Síðan fer ég í tökur á nýrri bíómynd í ágúst og september. Eftir það tekur lokaárið á sviðshöfundabraut við. Vonandi næ ég að lauma nokkrum tónleikum inn í þessa dagskrá," segir Annalísa.

Plötuna 00:01 er hægt að nálgast á öllum helstu streymisveitum.

steingerdur@frettabladid.is

SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson, *hlynur@frettabladid.is* , Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5077:** Atli Bergmann *atli@frettabladid.is*, Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Guðrún Inga Grétarsdóttir *gudruninga@frettabladid.is*

-20%

HITTU OKKUR Á FACEBOOK / REKKJAN

SUMARTILBOÐ

20% AFSLÁTTUR

CORINNA

-20%

VERÐ 120.077 KR

VERÐ ÁÐUR 150.096 KR

INNIFALIÐ Í VERÐI DÝNA BOTN OG FÆTUR

Svæðaskipt heilsurúm, sérstyrktir kantar, 5 svæðaskip pokagormakerfi, engin hreyfing milli svefnsvæða, góður toppur með hitajöfnun. Stífur, mjög sterkur botn, möguleiki á yfir 20 mismunandi litum áklæðum.

AVIANA

-20%

VERÐ 150.244 KR

VERÐ ÁÐUR 187.780 KR

INNIFALIÐ Í VERÐI DÝNA BOTN OG FÆTUR

Svæðaskipt þrýstijöfnunar heilsurúm (gefur góða aðlögun og þyngdardreyfingu), sérstyrktir kantar, engin hreyfing milli svefnsvæða.Stífur, mjög sterkur botn, möguleiki á yfir 20 mismunandi litum áklæðum.

ALEXA

-20%

VERÐ 187.840 KR

VERÐ ÁÐUR 234.800 KR

INNIFALIÐ Í VERÐI DÝNA BOTN OG FÆTUR

Svæðaskipt heilsurúm, sérstyrktir kantar, 5 svæðaskipt pokagormakerfi (gefur góða aðlögun og þyngdardreyfingu) framleitt úr sérvöldi tvíhertu hágæðastáli, engin hreyfing milli svefnsvæða, góður toppur sem gefur enn betri aðlögun og þyngdardreyfingu með hitajöfnun, einstök tilfinning. Stífur, mjög sterkur botn, möguleiki á yfir 20 mismunandi litum áklæðum.

FORTE -20%

VANDAÐUR OG ÞÆGILEGUR RAFDRIFINN HÆGINDASÓFI MEÐ TVEIMUR FÓTASKEMLUM OG HALLANDI BÖKUM.

VERÐ 175.840 KR

VERÐ ÁÐUR 219.800 KR

EINSTAKLEGA VANDAÐUR STÓLL Á FRÁBÆRU VERÐI

-20%

Rekkjan Heilsurúm | Ármúla 44 108 Reykjavík | 588-1955 | rekkjan@rekkjan.is | rekkjan.is

rekkjan HEILSURÚM

FRÉTTABLAÐIÐ

550 5000

RITSTJÓRN ritstjorn@frettabladid.is

AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is

PRENTUN Torg ehf.

DREIFING Póstdreifing ehf. dreifing@postdreifing.is

Á að fara í útilegu?
Um 40 tjaldsvæði fyrir alla fjölskylduna
utilegukortid.is
ÚTILEGU KORTIÐ

BAKÞANKAR

Davíðs Þorlákssonar

Aðförin að kisunni

Það vakti athygli á dögunum þegar fólk á Akureyri vildi skera upp herör gegn lausagöngu katta vegna ætlaðs óþrifnaðar og hættu fyrir fuglalíf. Staðreyndin er að þrátt fyrir mörg þúsund ára tilraunir þá hefur mannkyninu ekki tekist að gera ketti algerlega að húsdýrum. Sumir þeirra una hag sínum vel inni, aðrir munu aldrei sætta sig við það og verða viðþolslausir fyrir lífstíð ef þeir komast ekki út og enn aðrir lifa villtir. Það er því tómt mál að bera ketti saman við t.d. hunda, eða önnur dýr sem eru algerlega háð manninum. Sumpart líkjast þeir meira villtum spendýrum.

Takmörkun á lausagöngu katta er því ekki raunhæf. Ef fólk hefur áhyggjur af því að þeir komi inn til þess, þá þarf að tryggja að þeir geti það ekki, rétt eins og fólk kemur í veg fyrir að mannfólk, mýs og önnur dýr komi óboðin inn. Kattaskítur á lóðum er þeim kostum gæddur að vera 100% lífrænn og er því ekki verri en annað sem býr í moldinni. Fuglalífi stafar ekki ógn af því þótt einn og einn falli fyrir ketti. Ekki frekar en að ógn sé að því þótt sumir fuglar verði fyrir bíl eða ref.

Ef áhyggjufullt fólk kemur með lausn til þess að temja ketti, sem síðustu tugir kynslóða mannsins höfðu ekki, þá má láta á það reyna. Þangað til skulum við njóta þess að vera þess heiðurs aðnjótandi að fá að búa í sömu borg eða bæ og kettir.

Fyrir svanga ferðalanga
Kvikk ON THE GO | ORKAN

Kvikk ON THE GO | ORKAN